

Heimir Freyr van der Feest Viðarsson. 2019. *Socio-Syntactic Variation and Change in Nineteenth-Century Icelandic. The Emergence and Implementation of a National Standard Language*. Doktorsritgerð, Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Mánudaginn 2. desember 2019 varði Heimir Freyr van der Feest Viðarsson doktorsritgerð sína í íslenskri málfræði við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Leiðbeinendur Heimis voru Þórhallur Eyþórsson, prófessor í málvísindum við Háskóla Íslands, og Ásgrímur Angantýsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefnd voru Leonie Cornips, prófessor við Maastrichtháskóla, og Jóhannes Gísli Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands. Andmælendur voru Höskuldur Þráinsson, prófessor emerítus við Háskóla Íslands, og Caroline Heycock, prófessor við Edinborgarháskóla. Hér birtast inngangsorð Heimis, athugasemdir og spurningar andmælenda og andsvör Heimis. Doktorsvörnin og umræður fóru að hluta fram á ensku. Inngangsorð Heimis, athugasemdir Höskuldar og andsvör Heimis við þeim eru birt á íslensku en athugasemdir Caroline og andsvör við þeim á ensku.

* * *

Reifun á helstu rannsóknarefnum

Doktorsrannsókn mín beindist að tilbrigðum í setningagerð 19. aldar íslensku frá sjónarhóli sögulegrar félagsmálfræði og málstöðlunar. Í verkefninu *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals*, sem mín rannsókn var hluti af, var einkum leitað svara við þeirri spurningu að hve miklu leyti mögulegt er að snúa við málbreytingum.¹ Þessi spurning á rætur að rekja til algengra staðhæfinga um að íslensk málstöðlun hafi haft mjög víðtæk áhrif á íslenskt mál, einkum í tengslum við svonefnda „málhreinsun“, og náð til sviða eins og orðaforða, beyginga, hljóðfræði og setningafræðilegra þátta. Þeirri spurningu hefur jafnvel verið varpað fram hvort nokkrar hömlur séu yfirleitt á möguleikum til málstýringar svo fremi sem hugmyndafræðilegar stoðir hennar séu nægilega traustar (Kristján Árnason 2003). Þetta er ekki síst áhugavert í ljósi þess að í almennri málfræðilegri umræðu er málstýring yfirleitt talin hafa hverfandi áhrif á raunverulega málnotkun fólks (sjá t.d. Anderwald 2014). Þá er einnig gert ráð fyrir að ólík svið málfræðinnar séu misaðgengileg málnotendum og sum atriði jafnvel talin standa utan þess sviðs sem málnotendur séu meðvitaðir um og/eða hægt sé að hafa áhrif á (sjá umfjöllun hjá Labov og Harris 1986, Laycock og Mühlhäusler 1990 og síðari skrif). Í því sambandi hefur verið talað um snertiflatarlögmálið (e. *Interface Principle*) og stigveldi íhlutunarhæfis (e. *Degree of Interference Hierarchy*), þar sem óhlutbundin eða abstrakt setningafræðileg atriði séu utan seilingar og tengist almennt ekki félagslegum þáttum nema þau eigi við tiltekin orð eða hljóð.

Til þess að varpa nánara ljósi á staðhæfingar um íslenska málstöðlun og snertiflöt félagsmálfræði- og setningafræðilegra þátta voru tiltekin málfræðileg atriði í níttjándu aldar íslensku könnuð nánar en gert hefur verið til þessa. Þau atriði sem urðu fyrir valinu voru staða persónubeygðrar sagnar í öðru eða þriðja sæti í aukasetningum, lausi greinirinn *hinn* á móti *sá* og óákveðna fornafnið *maður*:

- (1) Staða sagnar: sögn – atviksorð („Vfin–Adv“) / atviksorð – sögn („Adv–Vfin“)
- a. eg finn eg **get** ei talað eða skrifað mikið um það. (GudMag-1819-00-00.txt)
- b. og gefi það nú guð, að þetta bréf ei **angri** þig. (GudMag-1819-00-00.txt)

¹ Um er að ræða samstarfsverkefni fræðimanna við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel (sjá nánar <https://www.arnastofnun.is/is/malbreytingar-og-tilbrigdi-i-islensku-mali-19-old-tilurð-opinbers-malstadals>). Verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði 2012–2014 (styrkur nr. 120646021/22) og sá verkhluti sem sneri að doktorsverkefni mínu var styrktur af Doktorsstyrkjasjóði Háskóla Íslands.

- (2) Laus greinir: *hinn* eða *sá*
 a. veduratta hefur vérid **hin** æskilegasta (SigPal-1842-03-07.xml)
 b. vedurátan hefur verid **sú** æskilegasta i vetur (SigPal-1841-03-07.xml)
 (3) En þau tímabilin eru þyngri, þegar **maður** getur ekki grátið (GudMag-1844-06-13.txt)

Í öllum tilvikum var um að ræða tilbrigði sem amast hafði verið við þegar á 19. öldinni, til dæmis innan menntakerfisins, og þau eru jafnframt ólík í formgerðarlegu tilliti: staða sagnar er að verulegu leyti óhlutbundin að því leyti að vera ekki bundin við tiltekin orð, ólíkt fornafninu *maður*, og færa má rök fyrir að lausi greinirinn sé þarna mitt á milli. Þetta er hægt að sýna skematískt á eftirfarandi hátt:

- (4)a. Alveg óhlutbundið, óskilyrt: [NL <AO> SO_{persh.} <AO>]
 b. Að hluta orðasafnslega skilyrt: [HINN/SÁ LO (N)]
 c. Alveg orðasafnslega skilyrt: [MAÐUR]

Þessi atriði voru könnuð í þremur ólíkum textategundum: persónulegum bréfum, tímaritstextum og skólaritgerðum. Frá félagsmálfræðilegu og málnotkunarlegu sjónarmiði eru ólíkar væntingar um áhrif málstaðals í þessum textategundum, þar sem mestra tilbrigða væri að vænta í einkabréfum. Þannig hefur verið talað um að málstöðlun hafi ekki borið fullkominn árangur nema hún nái til alls (ritaðs) máls, þ.m.t. til óformlegs máls í persónulegum skrifum þeirra sem ekki eru langskólagengnir, og ef breytingar finnast aðeins í formlegum skrifum elítunnar er málstöðlun því aðeins árangursrík að hluta (sbr. Elspaß 2016). Í umfjöllun um áhrif málstöðlunar hefur einmitt verið gagnrýnt að ekki sé nægjanlegt tillit tekið til málfars almennings í því sem Elspaß kallar texta „neðan frá“; þess í stað sé einblínt á formlegt mál menntafólks, texta „ofan frá“. Hefðbundin umfjöllun um málstöðlun sé því oft saga forskriftar fremur en málnotkunar og þar af leiðandi „ímyndun“ í vissum skilningi (sjá Elspaß 2014:310 og tilv. þar). Í íslensku samhengi flækir það þessa mynd að málstaðallinn hefur jafnframt verið sagður hafa endurspeglad mál alþýðunnar að verulegu leyti en þetta er vandmeðfarið atriði þar sem staðhæfingar sem þessar höfðu mikið pólitískt vægi innan hinnar ríkjandi hugmyndafræði þjóðríkisins (sbr. t.d. Leerssen 2006). Því var mikilvægt að kanna fyrrnefnd málfræðileg atriði einnig með slík sjónarmið í huga og reyna að kortleggja málnotkun bréfitara með eins fjölbreyttan félagslegan bakgrunn og mögulegt var.

Niðurstöðurnar benda til meiri setningafræðilegs breytileika í 19. aldar íslensku en fyrir fram var við að búast og að setningafræðileg atriði fylgi a.m.k. að nokkru leyti félagslegum mynstrum. Viða sjást ummerki um áhrif málstöðlunar, þó síst í bréfasafninu, en ekki kom fram skýr munur á málbreytunum þremur eftir því hve orðasafnslega skilyrtar þær voru. Þetta þyrfti þó að rannsaka nánar. Mest dró úr stöðu sagnar í þriðja sæti setningar, þ.e. röðinni ao.— so. (sbr. (1b)), þá *sá* sem lausum greini og minnst úr fn. *maður* en þetta er einmitt þveröfugt við þær væntingar sem hefði mátt hafa miðað við fyrrnefnt snertiflatarlögmál og stigveldi

íhlutunarhæfis. Þó ber að hafa í huga að staða sagnar í þriðja sæti var ekki eins útbreitt eða almennt fyrirbæri og lausi greinirinn *sá* eða fn. *maður* og er því að vissu leyti nokkuð sér á báti.

Staða sagnar í þriðja sæti setningar var fremur algeng röð fram yfir miðja 19. öld en verður sjaldgæfari eftir því sem líður á öldina. Sú þróun heldur áfram í tímaritum á 20. og 21. öldinni, þar sem röðin er nánast alveg horfin úr textum af þessu tagi. Í bréfasafninu var þessi röð almennt tíðari meðal karla en kvenna og það á bæði við um bréfitara úr menntastétt og bændastétt. Þó að þetta mynstur hafi verið algengast í máli menntamanna á 19. öldinni vakti athygli að mynstrið birtist hlutfallslega oftast meðal kvenna sem tengdust menntastéttinni en kvenna af öðrum þjóðfélagsstigum. Þar er því greinilega um félagslega vídd að ræða. Skólaritgerðir úr Lærða skólanum renna einnig frekari stoðum undir að málstöðlun hafi skipulega beinst að þessu málfræðiatríði. Í skólaritgerðunum er þannig að finna leiðréttingar kennara á sögn í þriðja sæti og málnotkun í þeim tekur breytingum í átt til málstaðalsins yfir tímabilið, þar sem marktæk fylgni er einnig við góðan námsárangur og við námsframvindu.

Í bréfasafninu er hlutfallsleg tíðni lausa greinisins *hinn* hærri á heildina litið meðal karla en kvenna. Ef litið er nánar á þjóðfélagsstöðu er tíðni *hinn* hlutfallslega hærri meðal kvenna úr efri lögum samfélagsins. Eins kemur á daginn að hlutfall *hinn* er lægra meðal karla úr stétt bænda og vinnufólks en úr efri lögum samfélagsins og úr þeirri notkun dregur yfir tímabilið, ólíkt því sem gerist hjá konum úr stétt bænda og vinnufólks þar sem notkun *hinn* eykst lítillega. Eftir sem áður er hlutfall *sá* sem greinis herra en *hinn* og með dagsetningum er *sá* til dæmis allsráðandi á öllu tímabilinu. Engu að síður kunna að vera vísbendingar í bréfasafninu um að málstöðlun hafi borið einhvern árangur og jafnframt að setningafræðileg tilbrigði eigi sér félagslega vídd, þar sem breytur eins og kyn og þjóðfélagsstaða hafa áhrif. Sterkast birtast áhrif málstöðlunar hins vegar í tímaritstextum þar sem notkun lausa greinisins *hinn* eykst jafnt og þétt og hlutfall *sá* er orðið mjög lágt undir lok tímabilsins. Sum þessara áhrifa ganga svo að visu til baka í tímaritstextum á 20. og 21. öld. Í skólaritgerðunum er hlutfall *sá* sem greinis mjög lágt þann tíma sem Halldór Kr. Friðriksson kenndi þar íslensku en tímabilið 1896–1906 eykst hlutfallið aftur. Á því tímabili er dreifing ritgerða eftir bekkjum hins vegar ójöfn og skekkir það myndina. Eins og með stöðu sagnar er marktæk fylgni *hinn* við góðan námsárangur og námsframvindu.

Tíðni fn. *maður* eykst jafnt og þétt í bréfasafninu yfir tímabilið 1874–1918, þó meira meðal karla en kvenna. Stétt hefur hér einnig áhrif því tíðni *maður* eykst minna meðal bréfitara úr efri lögum samfélagsins en annarra og á þetta sérstaklega við um konurnar. Það vekur enn fremur eftirtekt að sú aukning sem birtist í bréfasafninu kemur ekki fram í tímaritstextunum, heldur helst tíðni fornafnsins þar lág yfir allt tímabilið. Þetta hvort tveggja mætti túlka sem möguleg áhrif málstöðlunar, þótt þróunin sé hvergi nærri eins skýr og í tilviki lausa greinisins auk þess sem tíðni fn. *maður* eykst svo í tímaritstextum á 20. og 21. öldinni. Í skóla-

ritgerðunum dregur úr notkun fn. *maður* það tímabil sem Halldór Kr. kenndi en er meiri eftir það. Engin fylgni er við útskriftareinkunn en marktækur munur kemur þó fram meðal nemenda sem útskrifuðust og þeirra sem útskrifuðust ekki og einnig að nokkru leyti eftir námsframvindu.

Einnig komu fram mynstur í dreifingu þessara málbreytna eftir málfræðilegu umhverfi sem eru forvitnileg frá setningafræðilegu sjónarmiði en ekki er rúm til þess að fjalla um þau hér. Þannig voru sterkar vísbendingar um að formgerð vinstri vængs aukasetninga hafi haft veruleg áhrif á tilbrigði í stöðu sagnar, talsvert ólíkt hliðstæðu fyrirbrigði í nútímaíslensku (Ásgrímur Angantýsson 2011) en að nokkru leyti hliðstætt dönsku og færeysku. Sú dreifing rímar ekki vel við algengustu útfærslur á tilgátu um ríkulegt samræmi (e. *Rich Agreement Hypothesis*), sem felur í sér skyldubundna sagnfærslu í beygingarlið í málum með ríkulega sagnbeygingu (sjá t.d. Koenenman og Zeijlstra 2014). Þá birtust mynstur í nafnlið/ákveðnilið með lausum greini sem eru framandleg frá nútímasjónarmiði, svo sem tvöföld ákveðni, flókin formgerð og beygingarmynstur innan nafnliðarins sem ríma ekki fullkomlega við greiningar á nafnliðnum í nútímaíslensku (Pfaff 2015). Loks hegðar fn. *maður* sér málfræðilega eins og í nútímamáli, þar sem fornafnið vísar venjulega (einnig) til mælandans, en þó bregður dæmum fyrir sem a.m.k. er hugsanlegt að túlka á þann veg að vísunin sé fullkomlega óákveðin (generísk) eða tilvísun til mælandans er ekki alltaf nærtækust. Þeim sem vilja fræðast nánar um þessi atriði er vísað á ítarlegri umfjöllun í ritgerðinni og spurningar og svör hér á eftir.

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 301–307.

Heimir F. Viðarsson
 heimirvidarsson@gmail.com

Andmæli við doktorsvörn Heimis Freys van der Feest Viðarssonar

1. Inngangur

Skipulag þessara andmæla er á þessa leið: Fyrst eru nokkrar almennar athugasemdir um doktorsritgerðina, markmið hennar og form. Síðan koma athugasemdir sem varða eðli tilbrigða eða breytileika í máli og tengsl þeirra við málbreytingar, einkum spurninguna um greinarmun þess þegar málbreyting kviknar eða kemur upp (e. *innovation*) og útbreiðslu nýjungarinnar (e. *diffusion*). Þá er vikið nokkrum orðum að félagsmálfræði og málstöðlun, einkum með tilliti til setningafræðilegra atriða, og m.a. spurt hvort það kunni að vera erfiðara að staðla setningagerð en stafsetningu og beygingar til dæmis. Þar á eftir fylgja athugasemdir sem tengjast 4. kafla (um *sá* og *hinn* í hlutverki greinis) og 5. kafla (um *maður* sem fornafn), áður en kemur að lokaorðum umfjöllunarinnar. Á sínum tíma var reynt að setja þessar athugasemdir þannig fram við vörnina að áheyrendur gætu fylgst með þeim þótt þeir hefðu ekki lesið ritgerðina. Það var líka haft að leiðarljósi þegar gengið var frá athugasemdunum fyrir þennan vettvang. Ég mun líka reyna að setja fram gagnrýnar spurningar sem varða þær tilgátur og hugmyndir sem haldið er fram í doktorsritgerðinni og stundum stinga upp á öðrum möguleikum.

2. Almennt um doktorsritgerðina

Þetta er efnismikil ritgerð. Umfang hennar má nokkuð marka af því að hún er xxii + 253 blaðsíður að lengd, í henni eru 39 myndir (þar af fjórar í viðbæti), 32 töflur (þar af líka fjórar í viðbæti — og sumar töflurnar eru reyndar engin smásmíði), dæmasetningar með skýringum og þýðingum yfir á ensku eru um 140 og það eru yfir 450 rit tilgreind í ritaskrá! Skipulagið er röklegt og skýrt, ritgerðinni fylgir útdráttur bæði á ensku og íslensku, skrár yfir myndir og töflur, skýringar á skammstöfunum og styttingum o.s.frv. Tengsl milli kafla eru yfirleitt skýr og gagnleg, margir kaflanna byrja á inngangi og enda á samantekt og „brú“ yfir í næsta kafla. Sem sé: allt eins og það á að vera að því er formið varðar.

Til þess að meta að hvaða marki doktorsritgerðin uppfyllir þær kröfur sem má gera til verks af þessu tagi er gott að byrja á því að leggja niður fyrir sér hvert markmið verksins ætti að vera eða gæti verið. Því má skipta í tvennt:

- (1)a. **Lýsandi markmið:** Að lýsa völdum atriðum í íslenskri setningagerð á 19. öld, einkum með það í huga að gera grein fyrir mögulegum áhrifum málstöðlunar.
- b. **Fræðilegt markmið:** Ritgerðin er um leið nokkurs konar **tílviksrannsókn** (e. *case study*) þar sem athugun á þróun íslenskrar setningagerðar á 19. öld (og áfram) er notuð til að leita svara við eftirtöldum spurningum:
- Hvernig verkar málstöðlun?
 - Varpar þróun íslensku á 19. öld á einhvern hátt nýju ljósi á almennar fræðilegar spurningar innan félagsmálfræði og setningafræði?

Af þessu leiðir að gera má ráð fyrir að lesendur skiptist í tvo hópa eftir áhugasviði:

- Lesendur sem hafa einkum áhuga á lýsandi þættinum (margir þeirra með íslensku að móðurmáli eða a.m.k. læsir á íslensku).
- Lesendur sem hafa einkum áhuga á fræðilega þættinum (margir þeirra e.t.v. með takmarkaða kunnáttu í íslensku máli).

Æskilegt væri að framsetningin miðaðist við þarfir og forsendur beggja hópanna. Með því á ég t.d. við eftirfarandi:

- (2)a. Það er ekki víst að þeir sem hafa mestan áhuga á mállýsingunni viti hvað átt er við með hugtökum á borð við *codification*, *implementation*, *super tokens*, *nominalised adjectives* og *nominal/adjectival pattern* eða skammstöfunum á borð við *AIC* og *BIC* og stundum finnst mér skýringar á töflum og tölum dálítið hraðsoðnar miðað við þennan lesendahóp.
- b. Þeir sem hafa mestan áhuga á almennu fræðilegu spurningunum þekkja kannski ekki eins vel til ýmissa staðreynda um íslenskt mál eða nýlegra rannsókna á því og stundum virðist gengið út frá í textanum. Hver er t.d. aðalmunurinn á lausa greininum *hinn*, ábendingarforanafninu *hinn* og viðskeytta greininum *-inn*? Hvaða máli skipta hugtök eins og *referential deficiency*, *restrictiveness*, *evaluative adjectives* og fleiri sem eru notuð í því samhengi og hvernig tengjast þau þessum einkennum? Sumt af þessu hefur að vísu verið rætt í nýlegum fræðilegum skrifum um íslensk efni en það er ekki víst að lesendur þekki til þeirra skrifa, jafnvel þótt þeir hafi fræðilegan áhuga á því íslenska efni sem hér er á dagskrá.

En þótt hér sé látið að því liggja að sums staðar hefði höfundur¹ mátt koma betur til móts við lesendahópana tvo er alls ekki hægt að kvarta yfir því að ritgerðin sé of stutt eða ágripskennd!

¹ Hér á eftir verður oftast notað orðið *höfundur* þegar vísað er til þess sem Heimir Freyr segir í ritgerð sinni, enda er þar oft um að ræða framsetningu sem er ætluð lesendum almennt en ekki endilega Heimi sjálfum. Í beinum spurningum er hann hins vegar stundum ávarpaður eins og um samtal væri að ræða, líkt og gert var við vörðina.

3. Eðli breytileika og málbreytinga

Heiti doktorsritgerðarinnar hefst á orðunum *Socio-Syntactic Variation and Change* og af því má ráða að hún fjalli annars vegar um félagslega skilyrtan **breytileika** eða **tilbrigði** (e. *variation*) í máli 19. aldar og hins vegar um **málbreytingar** (e. *change*). Það verður líka augljóst af lestri hennar að hún fjallar um breytileika og sú umfjöllun er að verulegu leyti undir áhrifum frá aðferðum og hugmyndum félagsmálfræðinga, eins og titillinn bendir til. Hins vegar er ekki alveg víst að all-ir málfræðingar samþykki að ritgerðin fjalli um málbreytingar þótt ýmsum kunni að virðast það augljóst. Skoðum það nánar.

Í inngangi doktorsritgerðarinnar, á bls. 6, telur höfundur upp helstu spurningar sem hann ætlar að glíma við í ritgerðinni. Meðal þeirra atriða sem þar koma fram eru þessi (og í því sambandi vitnar höfundur í tímamótagreini eftir Weinreich, Labov og Herzog (1968) og nánari umfjöllun sína í kafla 1.2.2):

- hugsanlegar hömlur (e. *constraints*) sem breytileiki og málbreytingar lúta
- spurningar sem varða uppkomu (e. *actuation, innovation*) málbreytinga
- útbreiðsla (e. *transition*) málbreytinga frá einu stigi og yfir á það næsta (e. *diffusion*)

Í kafla 1.2.2 eru sum þessara hugtaka síðan rædd nánar og þar segir m.a. (bls. 18, leturbreytingar mínar):

- [...] the **diffusion** of a variant to the whole population (language change) arguably follows social patterns.
- However, when an **innovation** starts to spread [...] a **change** that is midway along the [S-]curve will start to lose links with factors such as age and social characteristics.
- At first, the change (or, better, the **innovation**) is not going to correlate strongly with any particular social group.
- [...] untargeted changes that really do bring in completely new **innovations**, i.e. spontaneous changes within the language community which have not been borrowed from elsewhere, **tend to arise within the working classes**.

Með hliðsjón af þessum ummælum langar mig að spyrja fyrst eftirfarandi spurningar:

Spurning 1a:

Hvað áttu við með *language change*? Áttu við:

- Nýjungina sjálfa, þ.e. „uppkomu“ breytingarinnar eða það sem þarna er kallað *innovation*? Það væri t.d. í samræmi við hugmyndir Marks Hale (2007), sem hefur lagt mikla áherslu á að greina á milli nýjungarinnar (það er hin raunverulega breyting í hans skilgreiningu) og útbreiðslunnar?

- Útbreiðslu eða dreifingu (e. *diffusion*) nýjungar í máli (sbr. orðalagið *ongoing change*)?
- Þau vatnaskil sem hafa orðið í málsmáfélagi þegar tiltekin nýjung hefur náð til alls samfélagsins (sbr. ummæli um „the whole population“ hér framar)?

Á bls. 25 eru líka viðbótarummæli um breytingar, tengdar umræðu um svokallað samkeppnislíkan í málbreytingum eða máltileinkun (e. *grammar competition model*) sem málfræðingarnir Kroch (1989) og Yang (2000) komu á kortið á sínum tíma, eins og þar er nefnt. Þar segir m.a. (feitt letur frá mér):

In my view, the grammar competition model neatly captures the idea of apparent optionality in syntax, avoiding formal optionality *within a single grammar* [...] A higher fitness value for a particular grammar will **eventually result in change**, all other things being equal.

Þetta gefur tilefni til eftirfarandi viðbótar við síðasta liðinn í spurningu 1a:

Spurning 1b:

Merkir þetta að breyting hafi ekki orðið fyrr en tiltekin regla eða „málfræði“ (e. *grammar*) hefur algjörlega náð yfirhöndinni yfir keppinautum, hvort sem um er að ræða samfélagið í heild eða mál tiltekins einstaklings?

Síðasta spurningin í þessum kafla snertir síðan ummæli um hugsanleg tengsl nýjunga í máli við stéttir:

Spurning 2:

Er ekki einhver mótsögn í eftirfarandi ummælum um nýjungar í máli (uppkomu málbreytinga), en þau voru tilgreind hér áður (leturbreytingar mínar)?

- innovations **do not correlate strongly** with any particular social group
- innovations (spontaneous changes) **tend to arise** within the working classes

Mér finnst augljóst að í ritgerðinni sé leitast við að rökstyðja þá skoðun að ýmsir félagslegir þættir hafi áhrif á **útbreiðslu** málbreytinga. En ég er ekki viss um að neitt í ritgerðinni styðji þá skoðun að **nýjungar** í máli (e. *innovations, spontaneous changes*) hafi tilhneigingu til að spretta upp hjá alþýðufólki. En kannski hefur það farið framhjá mér.

4. Félagsmálfræði, málstöðlun og setningagerð

Ein fyrirferðarmesta spurningin í doktorsritgerðinni er sú, hvort greina megi mismunandi áhrif málstöðlunar á 19. öld hjá ólíkum þjóðfélagshópum. Til þess að svara þeirri spurningu þarf auðvitað að reyna að setja fram einhverjar hugmyndir

um hópaskiptingu eða stéttaskiptingu í samfélagi þess tíma. Þetta var ekki flókið samfélag og þess vegna lætur höfundur sér nægja að skipta íbúunum í þrjá hópa:

- (3) Sú stéttaskipting sem gengið er út frá í ritgerðinni er þessi:
- a. embættismenn og menntamenn — og þá um leið fjölskyldur þeirra vegna tengsla (e. *by association*)
 - b. iðnaðarmenn eða aðrir sem stunduðu störf sem kröfðust einhvers konar þjálfunar eða menntunar (að bændum undanskildum)
 - c. bændur og verkamenn

Þetta er sjálfsagt eins nákvæm skipting og þörf er á eða hægt er að finna rök fyrir. Það er helst ákvæðið um fjölskyldutengslin sem kann að þurfa nánari skýringar við. Það virðist fyrst og fremst vera notað um konur og vekur eftirfarandi spurningu:

Spurning 3:

Hvers eðlis eru þau fjölskyldutengsl sem eru látin duga til að skipa heimildarmönnum (konum) í efsta flokkinn? Kemst kona t.d. í þann flokk með því að giftast karli sem tilheyrir þeim hópi eða getur hún t.d. fæðst inn í hópinn ef faðir hennar tilheyrir honum?

Fyrri skrif um málstöðlun á 19. öld hafa einkum snúist um stafsetningu og beygingarmyndir og víkja yfirleitt lítið að setningagerð. Skemmtilegt dæmi er að finna í skrifum Haralds Bernharðssonar (2017, 2018) sem ber saman tvær útgáfur af skáldsögunni *Piltur og stúlka* eftir Jón Thoroddsen. Sú fyrri kom út 1850 og sú síðari 1867. Þar bendir Haraldur á nokkur atriði sem Jón hefur breytt í seinni útgáfunni og vafalítið má rekja til málstöðlunartilrauna, m.a. þessi:

- (4)a. Breytingar á stafsetningu: *ei > e, au > ö, á > a* á undan *ng, nk: leingi > lengi, lángur > langur, laung > löng ...*
- b. Breytingar á beygingarmyndum: aukafallsmyndir *íja*-stofna: *viðir > viði, flýtir > flýti ...*

Skáldsagan *Piltur og stúlka* hefur auðvitað sérstakan sess í íslenskri bókmenntasögu og er oft kölluð fyrsta íslenska nútímaskáldsagan. Haraldur telur augljóst að hún geti hafa haft veruleg áhrif á lesendur sína, ekki síst ungt fólk á mótonarskeiði, og orðar þetta svona (leturbreytingar mínar):

Sagan heillaði lesendur, líklega ekki síst unglinga og ungt fólk, hefur eflaust haft áhrif á málkennd þeirra og orðið fyrirmynd að íslensku ritmáli þess tíma. (2017:79)

this love story [...] appealed to children and young people in a way that no grammar, journal or newspaper ever could. This appeal to young people in their formative years no doubt made the novel instrumental in establishing a literary language for Modern Icelandic. (2018:150)

Þetta vekur eftirfarandi spurningar:

Spurning 4:

Ertu sammála því sem Haraldur segir um líkleg áhrif *Pilts og stúlku* á málkennd ungs fólks á 19. öld — og þar með möguleg áhrif hennar á íslenska málstöðlun á þeim tíma?

Spurning 5:

Hversu sýnilegar almenningi, og þá ekki síst ungu fólki á mótunarskeiði, voru þær tilraunir til málstöðlunar sem kennarar við Lærða skólann í Reykjavík beittu sér fyrir og finna má í blöðum og tímaritum aldarinnar. Eða m.ö.o.: Hvernig gat almenningur áttað sig á því hvað málverðir þessa tíma töldu rangt eða ófint (e. *substandard*)?²

Í framhaldi af þessu er svo rétt að hugleiða eitt sem Haraldur bendir á í umfjöllun sinni um útgáfurnar tvær af *Pilti og stúlku*: Það er ekki að sjá að Jón Thoroddsen hafi gert merkjanlegar breytingar á setningagerð sögunnar í seinni útgáfunni. Í henni má t.d. finna fornlega setningagerð eins og í þessum dæmum sem Haraldur tekur (2017:110, leturbreytingar og innskot frá mér):

(5)a. Sigríður ... kvaðst **hennar ráðum fylgja vilja**

b. að enginn þóttist áður slíkan [pústur] **heyrt hafa**

Þó eru þetta dæmi um setningagerðir sem virðast hafa látið mjög undan síga á 19. öld (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 2005:622 o.áfr.). Þetta vekur eftirfarandi spurningu:

Spurning 6:

Getur verið að það sé erfiðara að staðla setningagerð en stafsetningu og beygingar?

Ég spyr reyndar ekki bara vegna þess sem kemur fram í athugasemdum Haraldar heldur líka vegna þess að nýlegar tilraunir til að „staðla“ íslenska setningagerð, þ.e. berjast gegn nýjungum eða ákveðnum afbrigðum í íslenskri setningagerð, virðast ekki bera mikinn árangur. Þar má t.d. nefna atriði eins og **þágufallshneigð/þágufallssýki** (t.d. *mér langar*), **nýju þolmyndina/nýju ópersónulegu setningagerðina** (t.d. *Það var barið mig*) og það sem stundum er nefnt **nafnháttarsýki** (t.d. *Ég er ekki að skilja þetta, Við vorum ekki að spila vel*). Kennarar hafa reynt að sporna gegn þessum setningagerðum í skólum, sumum jafnvel um margra áratuga skeið,

² Orðið *málverðir* er hér tilraun til að þýða orðalagið *language maven*, en það er notað nokkrum sinnum í ritgerðinni um þá sem ætla má að hafi haft hvað mest áhrif á mótun málstaðalsins á 19. öld. Enska orðið *maven* merkir oft bara ‘sérfræðingur’ en stundum reyndar ‘sjálfskipaður sérfræðingur’. Mér fannst *málvörður* því geta gengið fyrir *language maven* í þessu samhengi.

prófarkalesarar reyna að eyða þeim úr prentuðum textum (a.m.k. sumum þessara setningagerða) en samt sækja þær stöðugt í sig veðrið eins og nýlegar rannsóknir sýna (sjá t.d. kafla í bókinni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II* (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2015)).

Þegar reynt er að meta áhrif eða árangur málstöðlunartilrauna getur verið gagnlegt að hafa eftirfarandi árangursflokkun í huga. Það er sagt frá henni í doktorsritgerðinni og hún eignuð Stephan Elspaß (2016). Hún er orðuð svo á ensku í ritgerðinni (bls. 27):

- SUCCESSFUL
Change in formal registers of printed text sources from the elite ('texts from above') + in informal, private, registers of non-professional writers ('texts from below')
- PARTLY SUCCESSFUL
Change in formal registers of printed text sources from the elite ('texts from above') only
- NOT SUCCESSFUL
Only "temporary slowdown" or no change at all

Það er athyglisvert að hér virðist einungis miðað við árangur í rituðu máli, líka þegar talað er um fullkominn árangur.

5. Um *sá* og *hinn* sem lausan greini

Ein þeirra breyta sem fjallað er um í ritgerðinni er „samkeppni“ orðanna *sá* og *hinn* í hlutverki lausa greinisins. Um þessa samkeppni er fjallað í 4. kafla og hann hefst á þýddri tilvísun í lesendabréf í *Norðanfara* eftir Eirík Magnússon.³ Þar er Eiríkur að fjalla um biblíuþýðingu og á íslensku hljóðar þessi tilvísun svona (1870:67):

Hinn erlendi blær á málinu kann nú sumum að þykja kostur og dreg jeg líkur til þess af því, að sumir er ritað hafa hreina íslenzku hingað til, hafa sviplega tekið upp dönskuskotið mál, varpað fyrir borð hinum fagra greini vorum og tekið upp dönsku eptirstælinguna *sá* í staðinn.

Höfundur doktorsritgerðarinnar bendir á að nánast ekkert er fjallað um *sá* í þessu hlutverki greinis í nýlegum skrifum um nafnliði í íslensku og honum finnst það sérkennilegt (bls. 134):

Surprisingly, however, the theoretical literature completely disregards the alternative realisation of the free article in the form of *sá*. From an ideological perspective, it thus appears that the non-standard variant is (presumably

³ Þetta mun vera *sá* Eiríkur Magnússon sem var bókavörður í Cambridge á Englandi á 19. öld, þýddi fornsögur á ensku og stundaði líka íslenskukennslu.

undeliberately) being erased or invisibilised by focusing solely on the standard variant.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég hafði eiginlega aldrei leitt hugann að því að *sá* gæti gengið í þessu hlutverki eða hefði gegnt því að einhverju marki í íslensku ritmáli og þaðan af síður að það gæti verið eitthvað ófínt („non-standard“) að nota orðið þannig. Svo þessi þögn fræðimannanna kemur mér ekki svo mjög á óvart.

Eins og höfundur bendir á má þó finna ýmis ummæli um *sá* í þessu hlutverki í málfræðibókum. Elstu lýsingarnar eru að vísu býsna óskýrar og stundum á mis-skilningi byggðar og þess vegna ástæðulaust að tilgreina þær hér. En þegar fram í sækir verður myndin nokkru ljósari. Hér eru nokkur dæmi um það sem finna má í slíkum bókum, að mestu byggð á samantektinni í ritgerðinni (bls. 135 o.áfr.):

- (6)a. Í bók sinni frá 1811 segir Rask að ábendingarfornöfnin *sá* og *hinn* „sáu líka“ („er tillige“) greinar, *hinn* þó einkum í máli þeirra eldri („hos de ældre“), *sá* í yngri máli („hos de nyere“, bls. 99). Í útgáfunni frá 1818 (bls. 122) segir hann að ábendingarfornafnið *hinn* sé einnig „notað“ („nyttjas“) sem ákveðinn greinir, einkum í máli eldra fólks („i synnerhet hos de Gamle“), og þannig sé *sá* líka notað nú á tímum („nyttjas numera“).
- b. Halldór Kr. Friðriksson (1861) segir að *hinn* og *-inn* séu greinar, en nefnir ekki *sá* í því sambandi.
- c. Björn M. Ólsen (1882:283) segir að ábendingarfornafnið *sá* sé ákveðni greinirinn á undan lýsingarorðum í talmáli („in der Volkssprache“) og *hinn* sé ekki notað í því samhengi („wird ... nicht gebraucht“).
- d. Jakob Jóh. Smári (1920:57 o.áfr.) segir að ákveðinn greinir lýsingarorða (eins og hann orðar það) hafi verið *hinn* eða *-inn* en ábendingarfornafnið *sá* hafi að fornu stundum verið notað sem greinir. Í „tilgerðarlausu talmáli“, segir hann, er laus greinir nú aðeins notaður með sérstæðum lýsingarorðum „og er þá ætíð *sá*“ (bls. 58). Og hann bætir við: „Forna myndin *hinn* (*inn*) og notkun hennar helst, líkt og fyrrum, í skáldamáli og ritmáli að nokkru. Og þaðan slæðist hún inn í talmálið.“
- e. Valtýr Guðmundsson (1922:84) segir að lausi greinirinn *hinn* sé ekki notaður í talmáli („findes ikke i det almindelige Talesprog“). Þar hafi ábendingarfornafnið *sá* leyst hann af hólmi („[den] er blevet afløst af det demonstrative Pronomen *sá*“).
- f. Björn Guðfinnsson segir að *hinn* sé ákveðni greinirinn með lýsingarorðum, kallar hann „greini lýsingarorða“ (1946:24), eins og Jakob Smári, og segir síðan: „Í talmáli er greinir lýsingarorða sjaldan notaður. Hins vegar er notkun hans talsverð í ritmáli [...] Í talmáli er ábendingarfornafnið *sá* oft notað í stað greinis lýsingarorða, t.d. *sá jarpi*, *sú gráa*.“ Þessum athugasemdum um *sá*, og ýmsu öðru varðandi greini, er alveg sleppt í útgáfunni frá 1958, sem Eiríkur Hreinn Finnbogason sá um (sbr. Björn Guðfinnsson 1958:24).

Miðað við það sem verður rakið hér á eftir um andóf gegn *sá* á 19. öld er líklegt að Halldór Kr. Friðriksson hafi viljandi sleppt því (1861) að nefna *sá* í hlutverki greinis. En það kemur trúlega ýmsum á óvart að allt frá Rask (1818) til Björns Guðfinnssonar (1946) er því haldið fram að í talmáli sé *sá* lausi greinirinn en *hinn* komi annaðhvort helst fyrir í máli eldra fólks (Rask) eða þá í ritmáli.

En er víst að þetta sé, eða hafi verið, svona einfalt? Það virðist vera samstaða meðal málfræðinga um það að upphaflega séu *sá* og *hinn* ábendingarfornöfn en síðan séu þessi orð stundum „notuð sem“ greinir eða „séu“ jafnvel greinir. En hvernig sést hvenær orðin *sá* og *hinn* eru greinir eða „notuð“ þannig? Hvað greinir greini frá ábendingarfornafni? Er víst að eldri málfræðingar hafi verið með það á hreinu? Það er ekki alltaf ljóst, m.a. vegna þess að sumir þeir málfræðingar sem hér voru taldir nefna engin dæmi máli sínu til stuðnings.

Því miður er ekki fjallað mjög ítarlega um þennan greiningarvanda í ritgerðinni. Vandinn er að vísu minni þegar *hinn* á í hlut. Í fyrsta lagi er merkingarmunur greinisins og ábendingarfornafnsins oftast skýr, í öðru lagi tekur nafnorðið sem fer á eftir lýsingarorðinu yfirleitt viðskeyttan greini ef ábendingarfornafnið *hinn* fer á undan og loks er munur á hvorugkynsmynd greinisins og ábendingarfornafnsins:

- (7)a. **Hið** frábæra kvæði vakti mikla athygli. (greinir)
 b. **Hitt** frábæra kvæðið vakti mikla athygli. (ábendingarfornafn)

Þetta vita íslenskir lesendur ritgerðarinnar auðvitað, en það hefði verið gott að gera erlenda fræðimannahópnum strax grein fyrir þessu (sbr. umræðu í 2. kafla hér framar um lesendahópana tvo).

Málið er snúnara þegar *sá* á í hlut — og hefur áreiðanlega verið það fyrir þá sem vildu berjast gegn *sá* í hlutverki greinis á 19. öld. Í dæmum eins og þeim sem höfð eru hér framar eftir Birni Guðfinnssyni (1946), þ.e. *sá jarpi, sú gráa*, er naumast hægt að skipta *sá* út fyrir *hinn* í talmáli nútímans. Í ritgerðinni er bent á þennan vanda fyrir þá sem vildu sporna gegn notkun *sá* á 19. öld (bls. 140, leturbreytingar mínar):

Was *sá* simply tolerated in these contexts as a definite determiner, perhaps as a **demonstrative bordering on being a definite article**? To what extent was *sá* to be abolished given that *sá* often occurs restrictively in Modern Icelandic (typically corresponding to English ‘the (one)’), as well as a **demonstrative pronoun proper** (typically corresponding to English ‘that’)

Eins og ráða má af orðalaginu „demonstrative bordering on being a definite article“ annars vegar og svo „demonstrative pronoun proper“ er flokkun *sá* ekki alltaf alveg einföld. Þess vegna hefði meiri almenn umræða um greiningarvandann verið kærkomin í upphafi 4. kafla. En höfundur er nokkur vorkunn vegna þess að þetta vandamál hefur nánast ekkert verið rætt í skrifum um einkenni íslenska nafnliðarins þótt þau hafi verið rannsökuð býsna ítarlega á undanförmum áratugum.

Ef við horfum í bili framhjá greiningarvandanum er ljóst af heimildum að ýmsir málvöndunarmenn á 19. öld vildu berjast gegn *sá* í meintu hlutverki greinis og töldu það dæmi um dönsk áhrif. Skemmtilegt merki um að tekist hafi að koma óorði á *sá* er sú staðreynd að Sveinbjörn Egilsson notar það hlutfallslega mun sjaldnar í síðari bindunum af Hómerspýðingum sínum en þeim fyrri. Í töflu á bls. 138 má sjá að í fyrsta bindinu (1829) er hlutfallið *sá* 73,4% og *hinn* 26,6% en í síðasta bindinu (1840) er hlutfallið *sá* 4,6% en *hinn* 95,4%. Það er auðvitað mikill munur en merkilegast er þó kannski að hlutfallið er tiltölulega jafnt alveg fram til 1840. Það bendir til snöggra sinnskipta hjá Sveinbirni og höfundur telur ljóst að þau hljóti að stafa af áhrifum frá málstöðlunartilraunum sem vildu útrýma *sá*. Þrátt fyrir þetta leyfir Sveinbjörn sér þó stundum að nota bæði *sá* og *hinn* með svipuðum lýsingarorðum með stuttu millibili, trúlega til að forðast nástöðu, svo sem í dæmum eins og þessu frá 1840 (tekið af bls. 139 í ritgerðinni):

(8) *hinn* ástfólgni sonur þess ágæta Odysseifs

En auðvitað duga Hómerspýðingar Sveinbjörns ekki til að sýna fram á áhrif málstöðlunartilrauna á notkun *sá*. Þegar litið er nánar á hugsanlegan vitnisburð um þau þarf að hafa í huga að lausi greinirinn gengur misjafnlega vel með lýsingarorðum eftir því hvaða merkingarflokki þau tilheyra. Í ritgerðinni er m.a. talað um eftirfarandi flokka í þessu samhengi:


- (9)a. metandi (e. *evaluative*), t.d. *vitur*
- b. lýsandi (e. *descriptive*), t.d. *blár*
- c. lo. um uppruna, þjóðerni (e. *nationality, origin*), t.d. *franskur*
- d. annað (e. *other*), t.d. *gamall, hreinn, frægur*⁴

Mynd 1 er gerð eftir töflu 4.17 í ritgerðinni (bls. 145) og sýnir hlutfall *sá* (á móti *hinn*) í blöðum og tímaritum frá því fyrir miðja 19. öld og fram á þá 20. með þrenns konar lýsingarorðum.

Af myndinni er ljóst að hlutfall *sá* minnkar hratt frá því fyrir miðja 19. öld og fram undir 1885 en síðan helst það nokkuð stöðugt en hækkar að vísu aðeins aftur fram til 1924, t.d. með metandi lýsingarorðum eins og *vitur* (*sá vitri X* á móti *hinn vitri*). Höfundur telur þessa þróun til marks um athyglisverð áhrif málstaðalsins („indicative of quite a remarkably successful uptake of the standard norm over time“, bls. 144).

Sú þróun sem fram kemur í sendibréfangrunninum er að sumu leyti svipuð og í blöðum og tímaritum eins og sjá má með því að bera *mynd 1* saman við *mynd 2* (hún er gerð eftir sömu töflu).

⁴ Einn flokkurinn tengist dagsetningum, sbr. *hinn/þann tíunda maí*, en honum er sleppt hér vegna þess að í bréfum er líklegt að slík sambönd verði fastar formúlur.



Mynd 1: Hlutfallið *sá* á móti *þinn* í blöðum og tímaritum (prósentur).



Mynd 2: Hlutfallið *sá* á móti *þinn* í sendibréfum (prósentur).

Aðalmunurinn á sendibréfunum annars vegar og blaðamálinu hins vegar er að *sá* er hlutfallslega algengara allan tímann í sendibréfunum. Það má túlka sem stuðning við þá skoðun sem ýmsir málfræðingar höfðu látið í ljós, samkvæmt tilvitnunum í (6) hér frammar, að *sá* hafi verið algengt í talmáli en *þinn* ekki. Líkindin á milli myndanna felast aftur á móti einkum í því að í báðum tilvikum lækkar hlutfall *sá* fram yfir miðja 19. öld en síðan hættir að draga úr því og það fer jafnvel að hækka nokkuð, einkum í sendibréfunum.

Þegar hér er komið sögu má því spyrja tveggja spurninga:

Spurning 7:

Hefði ekki mátt búast við meiri áhrifum frá málstaðlinum á síðari hluta 19. aldar (kannski ekki síst eftir 1885) en myndirnar benda til ef kennararnir í Lærða skólanum voru í fararbroddi þeirra sem mótuðu hann, eins og víða er vikið að í ritgerðinni (sjá t.d. umræðu í kafla 1.3.5)? Hefðu áhrif þeirra ekki einmitt átt að vera hvað mest áberandi á síðari hluta aldarinnar?

Spurning 8:

Eru einhver tók á því að meta hvort það er munur á málnotkuninni í sendi-bréfum þeirra sem höfðu gengið í Lærða skólann og þeirra sem höfðu ekki gert það?

En víkjum nú aftur að flokkunarvandanum, þ.e. spurningunni um það hvenær má líta svo á að orðin *sá* og *hinn* í textum séu dæmi um ákveðinn greini og hvenær er um ábendingarforbafn að ræða. Í ritgerðinni er tekið fram að dæmin sem liggja til grundvallar *myndum 1* og *2* (þ.e. *töflu 4.17* í ritgerðinni) og eru sótt í blöð og tímarit hafi ekki verið flokkuð með tilliti til þessa. Um þetta segir höfundur (bls. 144, feitt letur frá mér):

it is important to emphasise that the results **were not disambiguated contextually** to categorically exclude anaphoric or referential uses of the markers and may potentially include cases where *sá/hinn* could be considered demonstratives [...] However [...] **some patterns are less open to interpretation or even unequivocal** in this regard, being non-anaphoric and/or clearly feature the definite article.

Hér er höfundur m.a. að vísa til þess að sum lýsingarorð kalla frekar á lausa greininn en þann viðskeytta. Nýlegar rannsóknir, einkum doktorsritgerð Alexanders Pfaff (2015), hafa nefnilega kveðið niður þá þjóðsögu (sem m.a. má finna merki um í tilvitnunum í ýmis málfræðirit í (6) hér framar) að eini munurinn á lausa greininum (*hinn*) og þeim viðskeytta (*-inn*) sé að *sá* lausi komi helst fyrir í hátíðlegu máli eða ritmáli nú á tímum en annars sé viðskeytti greinirinn notaður. En þetta er ekki rétt eins og sjá má af eftirfarandi dæmum:

- (10) a. *hinn* og *-inn* hafa ekki sömu merkingaráhrif með lýsandi lýsingarorðum:
hinn blái bill (ekki afmarkandi) ≠ *blái billinn* (afmarkandi, e. *restrictive*)⁵
 b. með metandi lýsingarorðum eins og *frægur* til dæmis gengur naumast að nota viðskeytta greininn:
hinn frægi leikari Ingvar Sigurðsson, ?**frægi leikarinn Ingvar Sigurðsson*
 c. með lýsingarorðum eins og *svokallaður* gengur viðskeyttur greinir alls ekki:
hið svokallaða hrun, **svokallaða hrunið*

Staðreyndir af þessu tagi eru notaðar í ritgerðinni til þess að tína út samhengi þar sem líklegt er að *hinn* sé í hlutverki greinis.

En hvernig lítur þetta út gagnvart *sá*? Þar má setja upp skipulegan samanburð á *sá* og *hinn* í nútímamálinu til þess að átta sig betur á því hvað um er að

⁵ Í afmarkandi merkingunni felst að verið er að greina *bláa billinn* frá öðrum bilum, t.d. rauðu bilunum. Sú merking kemur ekki fram með lausa greininum; *hinn blái bill* felur bara í sér að *billinn* hafi verið blár.

ræða (það er ekki gert á þennan hátt í ritgerðinni og það sem hér er sýnt er að mestu byggt á mínum eigin dómum).⁶

(11)a. <i>sá</i> blái bíll	≠	<i>hinn</i> blái bíll
b. <i>sá</i> frægi leikari	≈	<i>hinn</i> frægi leikari
c. <i>sá</i> fyrrnefndi/siðarnefndi		? <i>hinn</i> fyrrnefndi/siðarnefndi
d. ?* <i>það</i> svokallaða hrun		<i>hið</i> svokallaða hrun

Með lýsandi lýsingarorði eins og *blár* í (11a) er *sá* greinilega ábendingarforbafn sem vísar til bíls sem búið er að nefna en *hinn* hefur ekki þá eiginleika. Með metandi lýsingarorði eins og *frægur* í (11b) getur *sá* haft svipað hlutverk og *hinn* hefur oftast með slíkum lýsingarorðum (sbr. að það er hægt að byrja samtal á orðunum *Sá frægi leikari Ingvar Sigurðsson býr hér*) þótt orðið hafi væntanlega frekar vísandi merkingu (sé *referential*) með lýsingarorðum af þessu tagi (sbr. *Ingvar Sigurðsson, sá frægi leikari* ...). Sérstæð lýsingarorð eins og *fyrirnefndur/siðarnefndur* í (11c) taka mjög eðlilega með sér *sá* í vísandi hlutverki (rétt eins og *jarpur* og *grár* í dæmunum frá Birni Guðfinnssyni í (6f)), en í slíku samhengi hljómar *hinn* svolítið einkennilega. Loks gengur *sá* (t.d. hvorugkynið *það*) alls ekki með lýsingarorðinu *svokallaður* eins og sjá má í (11d), en þar gengur *hinn* vel (en viðskeytti greinirinn *-inn* ekki, sbr. (10c)).


Þótt höfundur setji ekki upp skipulegan samanburð á *sá* og *hinn* á borð við dæmin í (11) gerir hann samt ráð fyrir því að það kunni að vera áhugavert að bera saman tíðni *sá* og *hinn* í gögnum með völdum lýsingarorðum. Þetta gerir hann t.d. á mynd 4.29 sem er endurbirt á næstu síðu sem mynd 3.

Á mynd 3 sést m.a. að *hinn* *fyrirnefndi/siðarnefndi* hefur verið notað talsvert mikið upp úr 1840, síðan færist notkunin heldur í vöxt (á kostnað *sá* *fyrirnefndi/siðarnefndi*) fram til 1900 eða svo en síðan dregur jafnt og þétt úr henni til nútímans og *sá* *fyrirnefndi/siðarnefndi* kemur í staðinn. Það er í samræmi við það mat sem var látið í ljós í tengslum við (11c) hér framar. Þessa tímabundnu sókn *hinn* á kostnað *sá* með *fyrirnefndi/siðarnefndi* má túlka sem áhrif baráttunnar gegn *sá* en eftir 1900 virðast þau áhrif renna út í sandinn.

Annað atriði sem er áhugavert þarna er sú staðreynd að á tímabilinu 1840–1860 virðist vera nokkuð um *sá* *svokallaði* en það er nánast útdautt fyrir aldamót, að frátöldum smávegis dauðateygjum. Þetta mætti túlka sem dönsk áhrif sem voru síðan kveðin í kútinn, sbr. að á dönsku er *den såkaldte krise* eðlilegt mál og *den* greinir í því samhengi.

Loks má benda á að með metandi lýsingarorðum eins og *frægur* er *hinn* ráðandi allan tímann þótt yfirráðin séu ekki alveg eins ótvíræð eftir miðja 20. öld.

⁶ Reyndar finnst manni höfundur stundum of hikandi við að nýta sér þá staðreynd að hann hefur íslensku að móðurmáli. Þannig vísar hann stundum í dóma ýmissa málfræðinga um íslenskar setningar, jafnvel erlendra (sjá t.d. tilvísanir í Maling og Platzack á bls. 61), og heldur sinni eigin máltilfinningu til hlés. Auðvitað getur eigin máltilfinning villt manni sýn þegar fjallað er um eldri málstig, en hún getur líka verið gagnleg til að meta málþróun.



Mynd 3: Hlutfallið *hinn/sá* með mismunandi lýsingarorðum í blöðum og tímaritum eftir 1840.

Af þessu má sjá að þótt höfundur leggist ekki í rannsóknir á textasamhengi til að meta hvort *sá* og *hinn* séu dæmi um greini eða ekki í gögnunum sem eru til skoðunar getur hann þó nýtt sér mismunandi eiginleika þessara orða, einkum ólíkt samspil við lýsingarorð, til þess að varpa skýrara ljósi á samkeppnina milli þeirra og þarf ekki að reiða sig eingöngu á það að bera saman hlutfallslega tíðni í textum, eins og gert er á myndum 1 og 2.

En myndum við fá eitthvað skýrari mynd með því að skoða samhengið? Í umsögn um (11b), þ.e. *sá/hinn frægi leikari*, hélt ég því fram að þótt *sá* í slíku samhengi væri væntanlega oftast endurvísandi ábendingarforbafn, þ.e. vísaði í einhvern sem hefði verið nefndur áður, væri líka hægt að hugsa sér það í sama hlutverki og *hinn* hefur með slíkum lýsingarorðum. Á grundvelli þessa mats má setja fram eftirfarandi spá:

- (12)a. Í samhenginu *hinn/sá frægi X NN* (þar sem X er eitthvert nafnorð (til dæmis *leikari*, *rithöfundur*, *heimspekingur* ...) og NN er sérnafn), má búast við því að *hinn* sé algengara en *sá* (sbr. *Hinn frægi leikari Ingvar Sigurðsson* ...).
- b. Í samhenginu *NN, hinn/sá frægi X*, má búast við að *sá* sé algengara en *hinn* (sbr. *Ingvar Sigurðsson, sá frægi leikari* ...) af því að þar er verið að vísa til baka.

Ég prófaði þessa tilgátu á *Risamálheildinni* svokölluðu og fékk hana staðfesta eins og sýnt er í (13):

- (13)a. *hinn/sá frægi X NN*: hlutfallið er 55/15
- b. *NN, hinn/sá frægi X*: hlutfallið er 20/30

Í framhaldi af þessu vaknar eftirfarandi spurning:

Spurning 9:

Benda þessar niðurstöður ekki til þess að merkingarflokkur lýsingarorðs sé ekki nægileg vísbending um það hvænær *hinn* ætti að vera algengara orð í hlutverki greinis en *sá*?

Þótt samhengi dæmanna með *sá* og *hinn* í blöðum og tímaritum hafi ekki verið skoðað vandlega (af skiljanlegum ástæðum — það væri óhemju tímafrekt) á höfundur þess kost að skoða gaumgæfilega þau dæmi í nemendaritgerðunum þar sem kennari hefur strikað undir *sá* til að sýna að það sé óæskilegt. Í því felst þá væntanlega að æskilegra sé talið að nota *hinn*, þótt yfirleitt sé bara látið duga að strika undir (einu sinni, tvisvar, þrisvar) og leiðréttingin ekki færð inn. Þegar þessi dæmi eru skoðuð kemur í ljós að þar er ekki bara strikað undir orðið *sá* þar sem það hefur sambærilegt hlutverk og *hinn* gæti haft (t.d. með metandi lýsingarorðum) heldur er líka strikað undir dæmi þar sem *sá* virðist frekar vera ábendingarforafn eða hefur tilvísun í eitthvað sem áður er nefnt. Meðal dæma sem höfundur nefnir um slíkt eru þessi (bls. 141–142):

(14)a. **Það fyrsta** er hann gjörði ...

b. hvaða litur ... **sá svarti**

Um leiðréttingarnar segir höfundur meðal annars svo (bls. 140):

hinn as the standard norm reached very far and much farther, in fact, than in the present-day standard. That fact alone suggests that norm implementation was not nearly as successful as it may appear at first, based on statements concerning the use of *hinn* in formal, literary Icelandic; the Reykjavík Grammar School had a much greater ambition, viz. for *hinn* to replace *sá* not only in its non-restrictive uses but in other contexts as well, including referential ones. This strikes the modern reader as very odd.

Það er auðvitað hugsanlegt að kennararnir við Lærða skólann hafi beinlínis haft þá stefnu sem hér var lýst. En þetta vekur samt eftirfarandi spurningu:

Spurning 10:

Er eftirfarandi túlkun ekki alveg eins líkleg: Kennararnir við Lærða skólann vissu ekkert hvað þeir voru að gera. Þeir vildu draga úr notkun *sá* og ýta undir notkun *hinn* í staðinn, væntanlega vegna þess að þeir höfðu heyrt talað um eða orðið varir við að málnotendur hefðu tilhneigingu til að nota *sá* þar sem *hinn* hefði frekar verið notað áður. En þeir treystu sér ekki til að greina á milli tilvika um eðlilega (og hefðbundna) notkun *sá* og tilvika þar sem *hinn* væri (eða hefði verið) eðlilegra. Svo þeir völdu bara vélræna aðferð í leiðréttingum sínum: „Burt með *sá*.“ Þess vegna voru leiðréttingar þeirra ruglandi, fóru í bága við máltilfinningu nemenda og þar af leiðandi höfðu kennararnir ekki erindi sem erfiði.

Þessi túlkun fær m.a. stuðning af því hvernig sumir kennarar í framhaldsskólum hafa brugðist við sókn nýju þolmyndarinnar (nýju ópersónulegu setningagerðarinnar) undanfarin ár. Þeir treysta sér ekki til að greina á milli dæma á borð við *Það var hrint mér í frímínútunum í gær* (nýleg setningagerð) og *Það var stolið bíl af bílastæðinu í gær* (setningagerð sem hefur lengi þótt eðlilegt mál) og þá gripa þeir til alhæfinga á borð við „Burt með setningar sem byrja á *Það var ...*“ eða einhvers í þeim dúr. Og það skilar auðvitað litlum árangri.

6. Um fornaðnið *maður*

5. kafli ritgerðarinnar fjallar um fornaðnið *maður* (kaflinn heitir „Generic pronoun *maður*“) og byrjar á mjög skýru og gagnlegu yfirliti yfir eiginleika þessa fornafns í nútímamáli og skýringu á því hvers vegna málverðir töldu það lengi óæskilegt (bls. 185 o.áfr.). Ein ástæðan er sú að það var talið merki um erlend (þ.e. dönsk) áhrif og önnur sú að það væri óþarft. Þá er oft miðað við dæmi eins og þessi (sem höfundur tekur reyndar úr grein eftir Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009):

- (15) a. Fyrst beygir **maður** til hægri
- b. Fyrst er beygt til hægri

Þótt því sé stundum haldið fram að dæmi á borð við þessi séu fullkomlega jafngild („fully interchangeable“) er það kannski ekki alveg nákvæmt. Í fyrsta lagi er *a*-dæmið talmálslegra. Í öðru lagi hefur orðið *maður* ákveðin einkenni sem er lýst skilmerkilega í ritgerðinni. Auk áður nefndrar greinar Halldórs og Egerland er þar einkum stuðst við skrif Jóhannesar Gísla Jónssonar (1992) og Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Strömqvist (2005). Til skýringar á þeim spurningum sem hér fara á eftir er nauðsynlegt að nefna helstu atriði þessarar lýsingar.

Í fyrsta lagi getur fornaðnið *maður* yfirleitt ekki útilokað þá sem talast við (getur ekki haft *speaker-hearer exclusive* merkingu). Þess vegna er munur á eftirfarandi dæmum. Sá sem talar gæti svo sem vel hafa verið á Amasonsævæðinu en ekki í þeim atburðum sem sagt er frá í Ódysseifskviðu (síðari setningin er frá Halldóri og Egerland):

- (16) a. Á Amasonsævæðinu ferðast **maður** yfirleitt á bát.
- b. *Í Ódysseifskviðu ferðast **maður** yfirleitt á bát.

Í öðru lagi eru setningar með *maður* ekki alltaf jafngildar (ópersónulegri) þolmynd:

- (17) a. **Maður** borðar með þrjónum í Kína.
(= ef *maður* er þar, þá er það það sem *maður* gerir)
- b. Það er **borðað** með þrjónum í Kína.
(= það er það sem fólk gerir þar)

- (18)a. ***Maður** hefur sagt mér að ... (ekki í lagi nema *maður* sé nafnorð)
 b. Mér hefur **verið sagt** að ...

Eins og bent er á í ritgerðinni er mikilvægt að átta sig á því að danska samsvör-unin *man* hefur ekki þessi einkenni. Þannig er t.d. ekkert því til fyrirstöðu að nota *man* í setningum sem fjalla um eitthvað sem hvorki mælandi né viðmælandi geta hafa tekið þátt í, eins og fram kemur t.d. í þessari setningu um bókagerð á 14. öld (af vefsíðunni: <http://www.handritinheima.is/dk/sagan/handritageymd/14-oldin.htm>):

- (19) **Man** samlede da forskellige tekster af samme genrer sammen i samlings-håndskrifter ...

Setningar með *man* á dönsku geta líka haft alveg sömu merkingu og ópersónuleg þolmynd, ólíkt samsvarandi setningum á íslensku, enda þarf *man* ekki að fela í sér mælanda eða viðmælanda (sjá t.d. Allan, Holmes og Lundskær-Nielsen 1995:222) :

- (20) **Man** spiser med pinde i Kina.
 = a. 'Þegar maður er í Kína borðar maður með prjónum.'
 = b. 'Í Kína er borðað með prjónum.'

- (21) **Man** har sagt mig, at ...⁷
 = 'Mér hefur verið sagt að ...'

Í umfjöllun sinni um fornaðnið *maður* í íslensku kemur höfundur sem sé nokkuð inn á einkenni hinnar meintu fyrirmyndar *man* í dönsku til samanburðar. Þar segir hann m.a. (bls. 187, feitt letur frá mér):

there is a **very striking difference** between Icelandic *maður* and Danish *man* in terms of syntax; whereas *maður* can occur in multiple syntactic positions, inflecting for any of the four morphological cases [...], Danish *man* not only has an invariant form but is barred from occurring in non-subject positions.

Þetta kom nokkuð flatt upp á mig þegar ég las það því að mig minnti að ég hefði lært það í dönsku á sínum tíma að *man* beygðist svona: nefnifall *man*, andlagsfall *en* og eignarfall *ens*. Svo ég fletti upp í dönsku málfræðinni eftir Allan, Holmes og Lundskær-Nielsen og fékk þessa túlkun staðfesta þar (1995:222). Þess vegna langar mig að spyrja eftirfarandi spurningar:

⁷ Þetta dæmi tekur höfundur (bls. 187) úr merkingarskýringum við orðið *man* í orðabók Konráðs Gíslasonar (1851:294) og þar bendir Konráð réttilega á að *maður hefur sagt mér* myndi merkja allt annað í íslensku (þ.e. þar væri *maður* nafnorð).

Spurning 11:

Er beygingin *man – en – ens* í dönsku ekki alveg sambærileg við beyginguna *sá – þann – þess* í íslensku, þ.e. óregluleg (e. *suppletive*) beyging? Við erum ekki vön að segja að ábendingarfornafnið (eða lausi greinirinn) *sá* (kvk. *síu*) sé bara til í nefnifalli og ekki í hvorugkyni.

Þrátt fyrir þann mun á merkingu og notkunarsviði *man* í dönsku og *maður* í íslensku sem nú var lýst virðast ýmsir hafa trúað því að fornafnið *maður* væri til komið í íslensku vegna danskra áhrifa, eins og áður var nefnt, og það hefur þá væntanlega verið talin nægileg ástæða til þess að berjast gegn því. Í setningafræðibók Jakobs Jóh. Smára segir t.d. svo (1920:26, feitletrun mín):

Einkum með þessum sögnum [þ.e. *geta, sjá, heyra*], en þó einnig ella, þegar unt er að hugsa sér óákveðna persónu sem frumlag, **er nú einnig notað** orðið *maður* sem frumlag, eftir útlendri fyrirmynd (d. og þ. *man*, óákv. forn.) — en einnig oft í stað ákveðins frumlags (t.d. *eg*), til þess að gera merkinguna almennari og yfirgrípsmeiri. — Í forn málinu (t.d. lögunum) er *maðr* oft notað um einhvern óákveðinn mann, og er ekkert við það að athuga, því að þar er það nafnorð, og vísað til þess með fornöfnum (*hann* og *sig*).

Ef fornafnið *maður* væri til komið í íslensku fyrir áhrif frá danska fornafninu *man* hefði kannski mátt búast við því að það hefði verið „gleypt í heilu lagi“, þ.e. að *maður* hefði m.a. verið notað eins og *man* í dönsku (sbr. dæmin í (19)–(21) hér framar). Í ritgerðinni segir hins vegar að ekki séu nein ótvíræð merki þess (bls. 211–212). Auk þess má finna ýmis dæmi í fornu máli, eins og bent er á í ritgerðinni, sem mæla gegn þeirri skoðun Jakobs Smára að þar sé *maður* alltaf nafnorð:

- (22) a. Í forn málsorðabók Fritzners (1891) má finna mörg „pronominal examples of *maðr*“, bæði úr lausu máli og bundnu (bls. 188).
- b. Í miðaldaskáldskap má finna talsvert af dæmum um að orðið *maðr* sé áherslulaust eins og um fornafn væri að ræða (bls. 188, þar er vísað til Helga Skúla Kjartanssonar 2017).
- c. Það er líka hægt að finna fjölda dæma um *maðr* í forn íslensku orðabókinni *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP) sem eru þýdd með „*man, én, nogen*“.

Af þessu dregur höfundur eftirfarandi ályktun (feitletrun frá mér): „it at least seems fair to assume that potential **pronominal uses** were ‘in the air’, so to speak, already in the medieval period” (bls. 188). Þetta vekur eftirfarandi spurningu (sem má auðvitað þykja smásmuguleg):

Spurning 12:

Áttu við að *mað(u)r* hafi verið nafnorð á miðöldum en hafi samt getað verið **notað sem** fornafn (sbr. orðalagið „pronominal uses“)?

Frásögnin af baráttunni gegn fornafninu *maður* á 19. öld og áfram vekur ýmsar spurningar. Í ritgerðinni er t.d. sagt frá því að Halldóri Kr. Friðrikssyni hafi verið mjög í nöp við þetta orð og hafi gert athugasemdir við það í skólaritgerðum í Lærða skólanum, t.d. eins og hér er sýnt (bls. 190):

(23) svo maður yrði að ganga það

Í tengslum við umræðu um þessar leiðréttingar vísar höfundur til ummæla gamals nemanda í endurminningum frá árunum í Reykjavíkurskólanum. Eftir að hafa notað orðalagið „vissi **maður**“ og „lét **mann** vita“ segir þessi nemandi um Halldór (Árni Thorsteinson 1946:80):

Það var fátt, sem honum var jafnilla við og að nota orðið *maður* í slíkum samböndum, og var því ekki trútt um, að slíkt væri stundum með vilja gert, í stríðni.

Þetta er nokkuð merkileg heimild um viðhorf nemenda til þessara tilrauna til að draga úr notkun fornafnsins *maður*.

Fleira athyglisvert kemur fram í þessari umræðu um baráttuna gegn fornafninu *maður*, m.a. að Halldór hafi sjálfur notað það í riti og Sveinbjörn Egilsson í skólaræðum, t.d. svona:

(24)a. Þegar **maður** skoðar hvernig greinarmerkin eru sett ...

(Halldór Kr. Friðriksson 1845:74)

b. það sem **manni** þykir vænt um, það sem **manni** er orðið dýrmætt, það skilur við **mann** (Sveinbjörn Egilsson 1968:93 [úr skólaræðu 1851])

Í framhaldi af þessari umræðu vaknar eftirfarandi spurning:

Spurning 13:

Er hugsanlegt að fornafnið *maður* hafi orðið algengara en áður í talmáli 19. aldar og málverðirnir í Lærða skólanum hafi verið að berjast á móti því að þessi tilhneiging eða ofnotkun hefði óæskileg áhrif á ritmálið með því að kenna nemendum sínum formlegra ritmál? Ef það er rétt túlkun, væri þá nokkur fordæming (e. *stigmatization*) fornafnsins *maður* fólgin í því?

Eftirfarandi dæmi úr *Pilti og stúlku* Jóns Thoroddsen er áhugavert í þessu ljósi (1948:126; 6. útg., byggð á endurskoðuðu útgáfunni 1867 sem áður var nefnd):


Maður trúir því ekki, meðan **maður** er heilbrigður; en sá tími kemur, þegar **maður** veit að **maður** á ekki annað eftir en að stíga ofan í gröfina, að **maður** getur ekki látið vera að líta á það, sem **maður** hefur gjört, og það er vel, þegar guð gefur **manni** rænu til þess; og þá vildi **maður**, að margt væri ógjört, sem gjört var, en að **maður** mætti skilja hér við sáttur við alla menn.

Sjötíu árum eftir að saga Jóns kom fyrst út tekur Jakob Jóh. Smári (1920:26–27) þessa efnisgrein sem „ágætt dæmi þess, hvernig á ekki að tala eða rita“. Svo hann er ekkert að draga úr fordæmingu sinni á þessu málfari. Í sögunni er þetta lagt í munn persónunnar Ingveldar, sem er einn aðalskúrkurinn í sögunni, og þá má spyrja sem svo (þótt því sé nú kannski ekki hægt að svara á fræðilegan hátt):

Spurning 14:

Gerði Jón Thoroddsen sér ekki grein fyrir fordæmingu orðsins *maður* í þessu samhengi — eða er hann kannski að nota þessa óhóflegu notkun þess sem stílbragð til að láta Ingveldi líta illa út?

En hverju skilaði þessi barátta gegn fornafninu *maður*? Á bls. 194 í ritgerðinni má finna þetta línurit (merkt 5.30 þar):



Mynd 4: Tíðni orðsins *maður* í blöðum og tímaritum annars vegar og bréfum hins vegar (tíðnitölurnar miðast við hver 10.000 orð).

Hér virðist notkun *maður* fara á mikið flug í sendibréfum undir lok aldarinnar en haldast tiltölulega stöðug í blöðunum og reyndar minnka nokkuð eftir aldamótin 1900. Þetta telur höfundur til marks um að málstöðlunin hafi náð að halda aftur af því í prentaða málinu að fornafnið *maður* var að sækja í sig veðrið á 19. öld og reyndar hafi málstöðlunin sveigt tíðni þess niður á sama stig við lok tímabilsins (upphaf 20. aldar) og í upphafi þess.⁸ Sú staðreynd að *maður* er algengara í

⁸ Hann segir (bls. 194) að þessi mynd sé því til marks um „a rather convincing case of the retarding effects of standardisation“.

bréfunum en blöðunum getur hins vegar átt sér tvær skýringar að hans mati (bls. 195). Í fyrsta lagi eru setningar með *maður* frekar talmálslegar (sbr. ummæli um dæmin í (15) hér framar) og þess vegna megí frekar búast við þeim í einkabréfum en hefðbundnu ritmáli. Í öðru lagi felur fornaðnið *maður* oft í sér vísun til mælandans og þess vegna er þess að vænta að það sé áberandi í „sjálfhverfum“ skrifum eins og sendibréfum (e. *ego-documents*).

Þegar sendibréfin eru skoðuð nánar kemur samt ýmislegt athyglisvert í ljós. Í fyrsta lagi má sjá að þótt tíðnisveiflurnar í notkun *maður* stefni í sömu átt hjá körlum og konum fara karlarnir langt fram úr konunum eftir 1850 (sjá *mynd 5.31* bls. 200). Með því að rýna í stóra og flókna töflu í viðbæti (*töflu 6.32* bls. 253) má líka sjá að konur sem standa ofar í þjóðfélagsstiganum eru **ólíklegri** til að nota *maður* en þær sem eru af lægri stigum, en karlar í efri þrepum þjóðfélagsstigans eru **líklegri** til að nota *maður* en þeir lægra settu. Túlkun höfundar á þessu er sú að konur í æðri stéttum séu betri í því en karlar í sambærilegri stétt að tileinka sér staðalmálið, þ.e. forðast fornaðnið *maður*. En þá mætti líka spyrja:

Spurning 15:


Má ekki eins túlka þetta þannig að hástéttarkonur hafi verið á eftir öðrum í því að tileinka sér þessa talmálslegu nýjung sem varð sífellt vinsælli á tímabilinu?

Hér er líka áhugavert að líta á þær niðurstöður sem Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömquist segja frá í sinni grein (2005) og vitnað er til í ritgerðinni (bls. 189). Í rannsókn þeirra á notkun fornafnanna *maður* í íslensku og *man* í sænsku kom í ljós að hlutfallsleg tíðni þessara orða var nánast sú sama í skólaverkefnum 10–11 ára barna á Íslandi og í Svíþjóð. Þegar börnin eldast dregur mikið úr notkun *maður* í íslensku, einkum í skriflegu verkefnunum, en í sænsku fer notkun *man* frekar vaxandi með aldri. Að mati Hrafnhildar og Strömquist sýnir þetta að börnin/unglingarnir eru smám saman að ná valdi á því tiltölulega formlega málsniði sem er oft viðeigandi í rituðu máli. Fornafnið *maður* er nefnilega yfirleitt frekar talmálslegt í íslensku en *man* í sænsku er það ekki — það er alveg eðlilegt í formlegu máli og hefur svipað notkunarsvið og *man* í dönsku. Í ritgerðinni eru niðurstöður Hrafnhildar og Strömquist talda vitnisburður um það að sú málstöðlun sem felst (eða fólst) í því að halda aftur af notkun fornafnsins *maður* hafi að minnsta kosti náð árangri að hluta til (sbr. árangursflokkinn *partly successful* í flokkun Elspaß (2016) sem sagt er frá í lok 4. kafla hér framar). Og þá má spyrja:

Spurning 16:

Er túlkunin í ritgerðinni í eðli sínu sú sama og Hrafnhildur og Strömquist halda fram?

Í þessu ljósi er líka forvitnilegt að skoða *mynd 5* (merkt sem 5.34 á bls. 204 í ritgerðinni). Þar er sýnd hlutfallsleg tíðni dæma í blaðamáli (miðað við 25 algeng-



Mynd 5: Hlutfallsleg tíðni valinna setningagerða með *maður* í blaðamáli 1840–2018.

ustu orð ritmáls samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók*) þar sem orðið *maður* kemur næst á eftir tengingunum *að*, *sem*, *hvort*, *ef* eða *þegar* og á undan persónubeygðum myndum af sögnunum *geta*, *hafa*, *koma*, *segja*, *vera* og *verða* (þ.e. dæma eins og *að maður geti*, *sem maður hefur*, *hvort maður kemur*, *ef maður segir*, *þegar maður er* o.s.frv.).

Eftir að hafa velt talsvert vöngum yfir því að hvaða leyti og hvers vegna *mynd 5* bendir til annars konar þróunar í blaðamálinu en *mynd 4* hér frammar, þar sem tíðni *maður* virtist nokkuð stöðug í blaðamáli á síðari hluta 19. aldar og síðan heldur á niðurleið í upphafi þeirrar 20., ólíkt tíðninni í sendibréfunum, stingur höfundur upp á því (bls. 205) að kannski sýni *mynd 5*, einkum þróunin á 21. öld, að fornafnið *maður* sé orðið viðurkenndur hluti af staðalmálinu, jafnvel tiltölulega formlegu ritmáli. Sú skoðun samrýmist þó ekki vel þeirri ályktun sem Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömqvist drógu í sinni grein (2005) og áður var sagt frá, þ.e. að aukið vald á formlegu ritmálssniði leiddi til minni notkunar fornafnsins *maður* í skrifuðum textum nemenda. Því má spyrja:

Spurning 17:

Getur ekki verið að aukin tíðni fornafnsins *maður* í blaðamáli á síðustu áratugum stafi af því að nú sé meira af talmálslegu orðfæri í blöðunum en áður, t.d. í tiltölulega óformlegum viðtölum? Er hægt að kanna það?

7. Lokaorð

Eins og ráða má af undanfarandi umfjöllun er að verulegu leyti fjallað um hverja málbreytu fyrir sig í doktorsritgerðinni. Þannig fjallar einn kafli um afstöðu sagnar og setningaratviksorða, annar um lausa greininn og sá þriðji um fornafnið *maður*. Þegar rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að það er talsvert breytilegt að hvaða marki tiltekin blöð eða skrifarar fylgja hinum meinta málstaðli í hverju tilviki (ef mismunandi fylgni við málstaðalinn er rétt lýsing á breytileikanum). En ef málstaðalinn er einn, eins og væntanlega verður að gera ráð fyrir, mætti búast við því að það væri ákveðið samræmi í breytileikanum, ef svo má segja. Þess vegna má spyrja:

Spurning 18:

Hefurðu kannað hvort finna má einhverja fylgni (e. *correlation*) í breytileikanum, þ.e. þannig að það blað eða sá höfundur/skrifari sem sjaldan notar „dönsku orðaröðina“ atviksorð–sögn í aukasetningum (sbr. *þó mér ekki hugkvæmdist* ...) noti *sá* líka sjaldan sem lausan greini og fornafnið *maður* sjaldan?

Ef slík fylgni fyndist mætti segja að það styrkti verulega þá grundvallarhugmynd að í öllum tilvikum sé þarna um tilraunir til málstöðlunar að ræða, sama málstaðalinn.

Í lokin er svo rétt að skoða að hvaða marki má telja að doktorsritgerðin nái þeim markmiðum sem höfundur leggur upp með og lýst var í grófum dráttum í (1) á þessa leið:

- (1)a. **Lýsandi markmið:** Að lýsa völdum atriðum í íslenskri setningagerð á 19. öld, einkum með það í huga að gera grein fyrir mögulegum áhrifum málstöðlunar.
- b. **Fræðilegt markmið:** Ritgerðin er um leið nokkurs konar **tilviksrannsókn** (e. *case study*) þar sem athugun á þróun íslenskrar setningagerðar á 19. öld (og áfram) er notuð til að leita svara við eftirtöldum spurningum:
 - Hvernig verkar málstöðlun?
 - Varpar þróun íslensku á 19. öld á einhvern hátt nýju ljósi á almennar fræðilegar spurningar innan félagsmálfræði og setningafræði?

Við getum nú skoðað þetta lið fyrir lið.

Það fer ekki á milli mála að þessi ritgerð hefur verulega sérstöðu meðal þeirra skrifa sem til eru um mál 19. aldar á Íslandi, og reyndar um sögulega íslenska setningafræði almennt. Í fyrsta lagi byggir hún á ítarlegri og fjölbreyttari gögnum en áður hafa verið skoðuð í þessu samhengi. Það er t.d. nýjung að skoða þrjár mismunandi málbreytur frá sama tíma, kerfisbundið og á hliðstæðan hátt í þrenns konar heimildum (blöð og tímarit, sendibréf, skólaritgerðir). Þar varpa

leiðréttingar kennaranna í Lærða skólanum alveg nýju ljósi á gögnin og tilraunir málsmetandi manna, málvarðanna, til að hafa áhrif á málnotkun. Með þessari ítarlegu rannsókn nær höfundur líka stundum að kveða niður ýmsar lífseigar þjóðsögur um lítinn breytileika í íslensku máli og viðtæka og árangursríka málstöðlun frá og með 19. öld, eða það sem hann kallar „traditional“ eða „standard standardisation narrative“, sem hann telur oft byggðar á ónógum rannsókn-um (sjá t.d. ummæli á bls. iii og 6).

Í öðru lagi er félagsmálfræðileg nálgun meira áberandi í þessari ritgerð en nokkru öðru verki um sögulega setningafræði íslensks máls. Hún er langnákvæmasta athugun sem til er á félagsmálfræðilegum þáttum sem varða íslensku á 19. öld, einkum tilraunum til málstöðlunar, og hún sýnir að slíkar tilraunir geta haft meiri áhrif á setningagerð, eða málnotkun á því sviði, en oft er gert ráð fyrir. Það er áhugavert frá almennu fræðilegu sjónarmiði. Samt verður að viðurkenna að stundum hefur höfundur tilhneigingu til að gera fullmikið úr áhrifum málstöðlunar og gefur ekki eins mikinn gaum að hugsanlegum skýringum af öðru tagi, eins og reynt hefur verið að benda á hér framar. Meginvandinn er auðvitað sá að við vitum ekki hvernig málbreyturnar sem eru viðfangsefni ritgerðarinnar hefðu þróast á tímabilinu ef ekki hefðu verið gerðar neinar tilraunir til málstöðlunar.

Í þriðja lagi tengir höfundur umfjöllun sína betur við setningafræðilegar kenningar en yfirleitt er gert í skrifum um íslenska setningafræði frá sögulegu sjónarmiði. Hann hefur góða þekkingu á fræðikenningum innan setningafræði og getur nýtt sér þær. Sú þekking gerir honum einkum kleift að greina þau tilbrigði í orðaröð sem tekin eru til athugunar í 3. kafla ritgerðarinnar (afstaða sagnar og setningaratviksorða) og skýra þau, en um leið nær hann að prófa ýmsar fræðilegar tilgátur um viðfangsefnið og hafna sumum. Honum tekst kannski ekki eins vel að nýta setningafræðikenningar til að varpa fræðilegu ljósi á samkeppni orðanna *sá* og *hinn* í hlutverki lausa greinisins og ekki heldur til að greina þróun fornafnsins *maður*. En það er líklega ekki að öllu leyti hans sök. Á því sviði er ekki um eins auðugan garð að gresja í nýlegum fræðilegum rannsóknum og í rannsóknum á tilbrigðunum í orðaröðinni.

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 301–307.

Höskuldur Þráinsson

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

Reykjavík

hoski@hi.is

Svör við andmælum Höskuldar Þráinssonar

Svar við spurningu 1a: Ég nálgast hugtakið málbreyting úr ólíkum áttum. Sýn félagsmálfræðinnar er venjulega sú að málbreytingar verði á sviði samfélagsins og nýjung í máli einstaklings er þá ekki sjálfkrafa málbreyting. Þannig er ekki eins auðvelt að skilja svo skýrt að útbreiðslu annars vegar og málbreytingar hins vegar, líkt og Höskuldur Þráinsson (HÞ) lýsir. Í félagsmálfræðinni er því talað um að málbreyting sé í gangi („language change [is] in progress“) þegar eitthvert tiltekið form er að leysa annað af hólmi, annaðhvort í tíma eða með breyttri dreifingu sem fylgir einhverri félagslegri vídd (sjá Tagliamonte 2012:8). Einnig er talað um málbreytingu yfir kynslóðir (e. *generational change*), þar sem nýjungar breiðast fyrst hægt út og ferill málbreytingarinnar myndar hina þekktu S-kúrfu (sjá Tagliamonte 2012:44). Eins og HÞ bendir á er hefð fyrir því að tala ekki um málbreytingu hér heldur um útbreiðslu (e. *diffusion* eða *spread*). Í hefðbundinni málfræðilegri umræðu væri því yfirleitt ekki tekið til orða eins og t.d. Tagliamonte (2012) gerir í bók sinni að þegar breyting hafi breiðst út til alls samfélagsins og sé ekki lengur háð (málfræðilegu) umhverfi sé hún um garð gengin („a change [...] is considered complete“; Tagliamonte 2012:44). Þegar félagsmálfræðinni og setningafræðinni er fléttað saman eins og ég reyni að gera í ritgerðinni er því ekki að undra að annar tveggja og jafnvel báðir „skólarnir“ hafi eitthvað út á framsetningu mína að setja. Aðgreiningu milli nýjungar og útbreiðslu er enda oft haldið á lofti, einnig af félagsmálfræðingum (sjá t.d. Milroy og Milroy 1985).

Í félagsmálfræði getur þetta misræmi í nálgun gengið svo langt að sagt sé að einstaklingurinn sem slíkur sé alls ekki til og hann sé því ekki edlilegt viðfang í greiningu (sjá ritg. bls. 21). Þetta atriði er umdeilt eins og sést m.a. á því hvernig unnið hefur verið með einstaklingsbundinn mun á ólíkan hátt í tölfraðilegri greiningu, eftir því hvort einstaklingurinn er byggður inn í tölfraðileg líkön af málnotkun sem einn mögulegra tilbrigðapátta eða hvort aðeins er horft til hópa (sjá ritg. bls. 43–44, 53–54). Að takmarka hugtakið **breyting** við eitt skref í því flókna ferli sem málbreytingar fela í sér finnst mér vera of mikil einföldun. Hér mætti nefna að félagsmálfræðingar hafa líka gagnrýnt þá sýn að nýjungar beri að hugsa út frá uppkomu hjá einhverjum einum tilteknum málhafa, sbr. eftirfarandi tilvitnun í rit sem ekki er vísað til í ritgerðinni:

As long recognized by variationists, innovations are not the work of individuals devising new forms single-handedly, which happen to spread across

the population. Rather, innovations are the attempts of numerous speakers with “weak tie” status in the community to judge what is desirable and copiable in another system they are intimately familiar with, and to shape their own systems according to these patterns, not for the improvement of the system, but for their own social enhancement or connection.

(Drinka 2017:18)

Við þetta bætir Drinka að sú endurtekna gjörð að koma upp með nýjung („the (manifold) act of innovation“) feli þegar í sér ákveðna útbreiðslu og að tilbrigði sem af henni leiðir séu ekki handahófskennd heldur séu þau háð málfélagslegum hvötum (e. *motivation*). Þetta atriði tengist einnig ólíkum áherslum kenninga-kerfa þar sem handahófskennd uppkoma tilbrigða, áhrif innri þátta, endurtúlkun og „þrýstingur“ innan málkerfa eru helstu hvatar málbreytinga í þeirri hefð sem HP lýsir en í félagsmálfræði er síður litið til slíkra hvata. Þar er jafnvel dregið í efa að innri þættir leiki jafnstórt hlutverk og til dæmis málkunnáttufræðingar vilja vera láta. Ég taldi ekki rétt að taka neina yfirlýsta afstöðu með eða gegn ólíkum hugmyndum af þessu tagi enda var ætlun mín frekar að sameina en sundra þegar kemur að því að reyna að kanna félagsmálfræðileg og setningafræðileg atriði saman í einni ritgerð. Fyrir vikið varð þetta atriði hins vegar svolítið fljótandi og eðlilegt og réttmætt að athugasemd sé gerð við það.

Svar við spurningu 1b: Hér er vísað til þess þegar barn á máltökuskeiði prófar sig áfram með tilgátur (þ.e. „málfræðir“ eða málfræðilegar greiningar) og metur þessar tilgátur með tilliti til hæfni (e. *fitness*). Hæfnin felst þá í hve vel eða illa málfræðin fellur að ílaginu, einkum hvort og að hve miklu leyti málfræðin myndar ótvírætt strengi sem gætu aðeins verið myndaðir af þeirri tilteknu málfræði en ekki einhverri annarri. Þær kenningar sem ég nýti mér þarna fela því í sér að ef barn á máltökuskeiði finnur málöggn í ílagi sínu sem eru í samræmi við einhverja málfræði sem er í minnihluta innan málsamfélagsins verði sú málfræði ofan á á endanum ef hún nær utan um (myndar) hærra hlutfall ótvíræðra setninga en sú málfræði sem hún er í samkeppni við (sjá Heycock og Wallenberg 2013:136). Það er samt ekki þar með sagt að breyting hafi ekki orðið fyrir en allir hafa tileinkað sér þessa málfræði, heldur mætti frekar kalla öll skref í þá átt **breytingu**, og þess vegna sé hún sögð vera í gangi (e. *ongoing*).

Svar við spurningu 2: Vissulega væri hægt að leggja þá merkingu í þau ummæli um nýjungar í máli sem vísað er til í spurningunni og rétt að nefna að þau koma upprunalega hvort úr sinni áttinni. Ég svara því samt neitandi að þarna sé um mótsögn að ræða, því ég tel ekki endilega að svo sé, sbr. orðin „(not) strongly“ og „tend“. Þó að nýjungar hafi **tilhneigingu** til þess að koma upp meðal þeirra sem eru neðarlega í þjóðfélagsstiganum fara þær hægt af stað. Sennilega er því aldrei

sterk fylgni við einhvern tiltekinn hóp, þar sem verið er að vísa til frumstiga málbreytinga á meðan nýjung hefur enn tiltölulega litla útbreiðslu. Tilhneigingin getur samt sem áður verið til staðar og bent hefur verið á að nýjungar sýni aldrei fylgni við efri lög samfélagsins, valdastéttina eða elítuna, nema þær sem fengnar eru að láni og einhver sérstök upphefð er í, þ.e. breytingar „að ofan“ (e. *from above*) eða „miðaðar“ breytingar (e. *targeted change*) sem annað gildir um (sjá ritg. bls. 18, 25–26, 119). Það er því einkum í öðrum hópum en valdastéttinni sem nýjungar koma helst fram.

Fyrri ummælin vísa fyrst og fremst til ferils málbreytingar þar sem félagsleg tilbrigði spretta af breytingu sem er í gangi: þau geta þá fyrst birst tiltölulega óháð félagslegum þáttum en tengjast þeim sífellt nánari böndum, þar til breytingin hefur að lokum breiðst út til það stórs hluta samfélagsins að vægi félagslegra þátta veikist og hverfur. Þetta táknar hins vegar ekki að þótt tilbrigði sýni merki um félagsleg tengsl sé endilega um breytingu að ræða sem sé í gangi, því það ástand getur verið viðvarandi og því stöðugt. Eins getur breyting gengið til baka. Það kann samt að vera að sú staðhæfing að nýjungar sýni í fyrstu ekki (sterka) fylgni við félagslega þætti sé full glannalega orðuð en hún er byggð á eins konar líkani eða skema af ætluðum ferli málbreytinga og felur auðvitað í sér mikla einföldun (sjá Tagliamonte 2012:61 og tilv. þar).

Svar við spurningu 3: Konum er skipað í efsta flokkinn ef þær t.d. giftast einhverjum úr stétt embættismanna eða ef feður þeirra tilheyra þeim hópi. Þetta hélt yfirleitt í hendur, þ.e. dætur manna úr hópi embættismanna eða úr prestastétt giftust venjulega inn í þessa sömu hópa. Á þessu kunna auðvitað að vera undantekningar en fólk á þessum tíma var almennt ekki mjög hreyfanlegt upp á við (e. *upwardly mobile*), þ.e. af lægri stigum og upp þjóðfélagsstigann. Ég þurfti t.d. ekki oft að taka afstöðu til þess hvort fátæk vinnukona færi í efsta flokkinn ef hún giftist presti eða sýslumanni eða vinnumaður ef hann tæki saman við prestsdóttur eða biskupsekkju enda hefðu það verið óvenjuleg mynstur á þessum tíma. Eins og sjá má í yfirlitstöflunum getur flokkun eftir þjóðfélagsstöðu þó verið óljós, t.d. þegar Ingibjörg Jónsdóttir, upprunalega með fjölskyldutengsl við prestastétt, giftist inn í 3. þjóðfélagsflokk skv. flokkun Gísla Ágústs Gunnlaugssonar (1988), þ.e. stétt kaupmanna og handverksmanna. Eins tilheyrir Guðný Jónsdóttir („Borgfirðings“ Jónssonar, alþýðufræðimanns) samkvæmt uppruna hinni vaxandi borgarastétt en giftist svo inn í embættismannastétt og flokkast því í samræmi við það, ólíkt systur sinni, Guðrúnu Jónsdóttur, sem giftist aldrei.

Einnig er rétt að nefna að margt er óljóst varðandi bakgrunnsbreyturnar þegar kemur að stöðu bréfitara, ekki síst þeim sem tilheyra bændastétt. Í þeirri stétt getur efnahagsleg staða auðvitað skipt miklu máli en upplýsingar um umfang og eðli búskapar liggja oft ekki fyrir, auk þess sem sumir bændur gengu í skóla, þ.m.t. í Lærða skólann (sbr. umræðu í ritgerðinni bls. 40, 101).

Svar við spurningu 4: Ég tel allar líkur á að fyrirmyndir eins og *Piltur og stúlka* hafi haft áhrif á mál ungs fólks. Eins og HP sýndi dæmi um á vörninni er málinu beitt markvisst í ýmsum tilgangi í *Pilti og stúlku*, ekki bara til þess að sýna hvað sé æskilegt eða í samræmi við málstaðalinn heldur eru ákveðnar persónur líka látnar (of)nota tiltekin atriði gagnert til þess að vekja athygli á einhverju í fari þeirra (sbr. t.d. notkun fn. *maður*). Þetta er auðvitað ekki klippt og skorið og við sjáum að *maður*, sögn í þriðja sæti (Adv–Vfin) og lausi greinirinn *sá* birtist hér og þar í *Pilti og stúlku* án þess að það gegni einhverju sérstöku hlutverki. Það bendir til að höfundurinn hafi ekki verið mjög upptekinn af þeim málviðmiðum sem ég fjalla um, þótt það eigi vissulega við um þau atriði sem Haraldur tók fyrir.

Fleiri bækur hafa einnig verið nefndar sem mikilvæg skref á sömu vegferð. Hómersþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar eru annað dæmi um mikilvægt „sýni-dæmi“ og þar má greina ákveðna þróun í málviðmiðunum og/eða í fylgispekt við þau, eins og í *Pilti og stúlku* (sbr. ritg. bls. 39 og 137–138). Halldór Hermannsson (1919) hélt því reyndar fram að Hómersþýðingarnar hefðu ekki haft jafnmikil áhrif og þýðing Steingrims Thorsteinssonar á *Púsund og einni nótt*. Þessar bækur komu allar út um svipað leyti, þýðing Steingrims síðust, á árunum 1857–1864 og svo löngu síðar í endurskoðaðri útgáfu á árunum 1910–1915. Mér vitanlega hefur þessi þýðing og endurskoðun hennar ekki verið kortlögð með sama hætti og málið á Hómersþýðingunum (sbr. Finnboga Guðmundsson 1960) og á *Pilti og stúlku* (sbr. Harald Bernharðsson 2017), en það gæti verið forvitnilegt verkefni.

Það er áreiðanlega mjög einstaklingsbundið hversu mikil áhrif málið á bókum hefur á lesendur þeirra, rétt eins og talið er misjafnt hvort nemendur séu færir um að tileinka sér viðmið um málnotkun með því að lesa vandaða og fjölbreytta texta. Ég tel hins vegar óumdeilt að þetta hafi áhrif. Það er jafnframt ákveðinn mælikvarði á það hve raunhæf málviðmiðin eru og hvaða áhrif þau hafa á málnotendur hvernig þau birtast í bókmenntum.

Svar við spurningu 5: Aðgangur almennings að málstaðlinum hefur auðvitað verið takmarkaður og takmarkaðri en síðar varð, t.d. eftir að skólaskylda komst á. Á hinn bóginn má hæglega ímynda sér að atriði sem tengdust meintum áhrifum dönsku, líkt og þau atriði sem hér voru athuguð, hafi á 19. öldinni verið sérstaklega til þess fallin að vekja eftirtekt meðal almennings. Afstaða gagnvart slíkum atriðum hafði þá líka hugmyndafræðilegt gildi, sem áreiðanlega var ekki bundið við menntamenn. Þetta verður einnig að skoða í ljósi þess að Íslendingar hafa löngum verið taldir mikil bókaþjóð og landsmenn voru almennt læsir. Þótt þeir læsu ekki endilega alltaf sjálfir var bóklestri engu að síður haldið að mörgum og má þar sérstaklega minna á húslestrana. Því gæti stöðluð málnotkun í bókum og tímaritum hafa átt býsna greiða leið til almennings. Margir skrifuðu líka og afrituðu jafnvel bækur þótt hafa verði í huga að skriftarkunnátta var a.m.k. á hluta þessa tímabils takmörkuð, „a skill of the privileged few“ (Erla Hulda Halldórsdóttir 2014:185; sjá einnig umræðu bls. 51–52 í ritgerðinni). Bein og óbein tengsl

við ráðandi forréttinda- og valdastéttir meðal bréfritaranna kunna því að hafa verið meiri en ýjað er að með þeirri stéttskiptingu sem ég flokka bréfritarana eftir.

Varðandi félagsbundin mynstur í málnotkun er það líka hluti af félagsmálfræðilegu hefðinni að líta svo á að málnotendur séu almennt næmir fyrir nýjungum og tilbrigðum í málinu í kringum þá, en þó misnæmir, sbr. t.d. mun á körlum og konum. Þetta á sérstaklega við þar sem notkunarhlutföll eru neðarlega á skalanum, sem ekki er talið skýrast af stöðu í þjóðfélaginu eða menntunarstigi, þótt það hafi vissulega líka áhrif (sjá ritg. bls. 19). Ekki má heldur gleyma því að rannsóknir hafa sýnt að konur hafi verið leiðandi í sumum sögulegum breytingum áður en nokkur áhrif skólagöngu eða málstaðla komu til sögunnar (sjá t.d. Nevalainen og Raumolin-Brunberg 2011 og ritgerð bls. 20; einnig mætti nefna nýlega athugun Blaxters 2015 sem bendir til leiðandi hlutverks kvenna í breytingunni á *eigi* > *ekki* á fornislensku skeiði). Margt sem fjallað hefur verið um í félagsmálfræðinni er því ekki bundið við skóluð, vestræn samfélög nútímans, og það á áreiðanlega líka við um fljótandi hugmyndir sem eru meira í loftinu, málfræðileg atriði sem heyrast minna og þykja „ófin“ (eða önnur sem fara á móti að heyrast meira). Þessi óbeinu áhrif hljóta að vera fremur væg, eins og ég held að ég sýni líka fram á í ritgerðinni, þótt ég hafi gert mér far um að nálgast þann möguleika af opnum huga að málstaðallinn gæti haft viðtækari áhrif en aðeins í gegnum formlega skólagöngu.

Svar við spurningu 6: Því hefur að minnsta kosti verið haldið fram að málstöðlun virki síður á setningagerð en t.d. beygingar og að stýrðar breytingar á tungumálum fylgi ákveðnu stigveldi sem hefur verið kallað **stigveldi íhlutunarhæfis** (e. *Degree of Interference Hierarchy*): orðaforði > orðmyndun > beygingar > hljóðkerfi > framburður > setningagerð (Laycock og Mühlhäusler 1990:849). Eins hefur verið talið að málnotendur séu síður vakandi fyrir félagslegum mynstrum í setningafræðinni og/eða að setningafræðin sé miður líkleg til þess að tengjast félagslegum þáttum. Þannig er í félagsmálfræði oft talað um hömlu sem kölluð hefur verið **snertiflatarlögmál Labovs** (e. *Interface Principle*):

Abstract linguistic structure has little or no social impact on members of the community. The interface of language and society is narrow, and primarily on the surface: the words and sounds of the language. (Labov og Harris 1986:21)

Þessi hugmynd hefur einnig verið kölluð **tilgáta um andfélagslega setningafræði** (e. *Antisocial Syntax Hypothesis*): „Word order is not socially evaluated, unless it can be identified with specific phonological or lexical material“ (Anton Karl Ingason o.fl. 2013:93). Þess ber þó að geta að Labov o.fl. (2011) hafna því alls ekki að félagsleg mynstur sé hægt að finna í setningafræðinni,¹ og mál-

¹ Sbr. ummæli Labovs: „The socially marked variants considered here represent choices within a given phonological, morphological or syntactic structure.“ (Labov o.fl. 2011:434).

fræðingar hafa bent á að jafnvel orðaröð, eins og staða persónubeygðrar sagnar, sé eitt af þeim setningafræðilegu atriðum sem geti haft félagslegar hliðar (sjá t.d. Cornips 2015 og ritg. bls. 21–24). Ég set sömuleiðis ákveðin spurningarmerki við að setningafræðilegum atriðum sé ekki veitt eftirtekt eða þau metin á félagslegan hátt. Til dæmis fann ég merki um að skandinavíska aukasetningarorðaröðin væri álitin hafa „eitthvert danskt óbragð“ (sjá ritg. bls. 59–60) og þótt það hafi komið úr penna prestlærðs manns sýnir það samt hvernig hugmyndir um óæskileg, dönsk áhrif eru hvorki bundin við sérfræðinga né við athugasemdir um orðaforða eða hljóðafar.

Annað sem virðist frekar koma upp varðandi setningafræðileg atriði en t.d. beygingarfræðileg er hvernig afmarka skuli málbreytuna. Skilgreining á setningafræðilegum breytum er þekkt vandamál innan félagsmálfræðinnar (sjá umræðu á bls. 22–23). Eins er ljóst að sumir samtímamenn gera í athugasemdum sínum um sögn í þriðja sæti (Adv–Vfin) ófullnægjandi greinarmun á aukasetningarorðaröðinni sem við þekkjum í skandinavísku meginlandsmálunum annars vegar og hins vegar dæmum um stílfærslu í frumlagslausum setningum eða þar sem tilvísunartenging stendur fremst (sjá um þetta í ritgerðinni bls. 83–85). Það er því ekki ólíklegt að von sé á „öfvöndun“ í slíkum tilvikum þar sem málnotendur fara óvart líka að forðast óskyld atriði eins og stílfærslu. Þetta sama á líklega einnig við um önnur setningafræðileg tilbrigði sem tengjast meðal annars orðaröð eins og nýju setningagerðina svokölluðu (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. 2013).

Ég held reyndar að árangur af málstýringu sé mun meiri þegar kemur að atriðunum sem HÞ nefnir, nýju setningagerðinni, þágufallshneigð o.fl., en oft er talið. Það er alls óvíst að málstýringu hafi upphaflega verið ætlað að hafa áhrif á málfar fólks á einkasviðinu. Þetta birtist t.d. í því að sá Halldór Kr. Friðriksson sem birtist í leiðréttingum í kennslustofunni og í skólastílum er (frá málstýringarsjónarmiði) alls ekki sá sami og Halldór Kr. Friðriksson eins og hann birtist í einkabréfum. Á einkasviðinu sletti hann töluvert og notaði setningagerðir sem hann leiðrétti í nemendaritgerðunum, meira að segja fn. *maður*, en nemandi hans segir í endurminningum að það hafi verið fátt sem Halldóri var jafnilla við og það fornafn (sjá um þetta í ritgerðinni bls. 189–190 og inngangsorð HÞ að spurningu 13). Kjartan G. Ottósson (1990) nefnir að athyglin hafi í auknum mæli farið að beinast líka að því að stýra málkerfi nemenda og þar með að talmálinu með skóla-skyldu á 20. öld og að þá hafi orðið ákveðin stefnubreyting. Það er ekki víst að málstöðlun á því sviði hafi borið mikinn árangur þótt hún hafi áreiðanlega hægt á þeim breytingum sem hún beindist að. Ég held hins vegar að áhrif málstöðlunar á ritmálið beri síst að vanmeta, og hún hafi a.m.k. óbein áhrif á önnur svið.

Svar við spurningu 7: Vert er að hafa í huga að *hinn* (á kostnað *sá*) virðist hafa orðið hluti af málstaðlinum snemma á tímabilinu og vísbendingar eru um að notkun greinis hafi jafnvel þegar verið á dagskrá í Bessastaðaskóla, sbr. Hómersþýðingarnar og síðar leiðréttingar Sveinbjarnar Egilssonar á greininum í Reykja-

víkurskóla á elsta skeiði (sjá umræðu í ritgerðinni bls. 137 o.áfr.). Hugmyndir um að *sá* sé óæskilegt í ritmáli sem greinir hafa því áreiðanlega komið fram á fyrri hluta 19. aldar, ef ekki enn fyrr (sbr. einnig Kjartan Ottosson 2003). Þróunin á *mynd 1* hjá HP er að mínu mati í ágætu samræmi við þetta enda sýnir hún að *sá* í hlutverki greinis er orðið fremur fátítt fyrirbrigði í blöðum og tímaritum á síðari hluta 19. aldar.

Mikilvægt atriði í þessu sambandi er að HP rýnir í hráu gögnin og dregur aðeins fram tvo þætti: tímalega þáttinn (skv. þrískiptingu tímabilsins) og merkingarflokkun lýsingarorða. Niðurstöður mínar eru hins vegar ekki byggðar á ógreindum, hráum gögnum heldur á ítarlegri tölfræðilegri greiningu á gögnunum í R, m.a. með lme4-pakkanum (sbr. R Core Team 2018, Bates o.fl. 2015; Lüdecke 2018 fyrir myndræna framsetningu á áhrifum líkansins). Þar eru áhrif fleiri þátta vegin og metin en hægt er að gera skil í kross- eða þvertöflu (e. *cross-tab*), auk áhrifa einstakra málhafa og/eða texta sem líkanið tekur tillit til (sjá ritgerð bls. 53–55). Í töflunni er því ekki gert ráð fyrir neinum þeim skekkjum sem líkanið leiðréttir. Þá er tímagreiningin jafnframt mun flóknari í tölfræðilíkaninu en með þrískiptingunni sem *myndir 1* og 2 hjá HP sýna (sbr. *töflu 4.17*, bls. 145 í ritgerðinni). Líkanið byggist nefnilega á skiptingu gagnanna í 10 ára sneiðar (sbr. kafla 4.3.2, bls. 146). Að teknu tilliti til allra innri og ytri þátta er breytingin yfir tíma jafnframt brattari (sbr. *myndir 4.18* og *4.19* á bls. 149, teiknaðar eftir líkaninu). Þó að ég ætli ekki á þessu stigi að taka afstöðu til þess hvort þróunin sýni að nákvæmlega sama stígandi birtist í samdrætti á notkun *sá* og skv. væntingum HP — til þess þyrfti að skoða gögnin á annan hátt en ég geri í ritgerðinni — bendir dreifingin samkvæmt tölfræðilíkaninu eigi að síður til að það dragi úr notkun *sá* yfir allt tímabilið.

Svar við spurningu 8: Til þess að varpa ljósi á áhrif formlegrar skólagöngu er nauðsynlegt að hafa aðgang að bréfum skólagenginna og óskólagenginna (eða a.m.k. ólangskólagenginna) bréfitara úr **sömu þjóðfélagsstigum** því annars er væntanlega til lítils að bera þá saman. Eins er æskilegast að aðrar breytur séu fastar: bréfin rituð um svipað leyti, upprunastaður og búseta a.m.k. á svipuðum slóðum og bréfitara af sama kyni. Ef taka ætti tillit til allra þessara þátta blasir við það vandamál að efniviðurinn þynnist og þynnist og hverfur í höndunum á okkur. Innan verkefnisins hafa verið gerðar tilraunir til þess að leita svara við spurningum af þessu tagi með því að horfa fram hjá síðustu hömlunni: að bera saman systkinahóp þar sem piltarnir gengu menntavegin og fóru í Lærða skólann en systurnar ekki. Þetta gefur auðvitað aðeins takmarkaða mynd af áhrifum formlegrar skólagöngu því það er ekkert víst að bræðurnir og systurnar séu fullkomlega samanburðarhæf að öðru leyti. Ásta Svavarsdóttir (2016, 2017b) hefur kannað fjölskyldubréf í safninu með þessum hætti. Niðurstöður hennar benda til þess að merki skólagöngu megi sjá a.m.k. í nokkrum atriðum, til dæmis í stafsetningu og vali á beygingarmyndum.

Þótt það hafi ekki orðið hluti af ritgerðinni, m.a. vegna lengdarmarkna, hef ég einnig kannað þennan hóp í mínu gagnasafni og flutt um það nokkur erindi (sbr. t.d. Heimi van der Feest Viðarsson 2016; sjá stuttlega umræðu í frambjáhlaupi í ritgerð bls. 94, 97–98 og 199). Um er að ræða bréf Finns Jónssonar prófessors og fjögurra systkina hans, auk bréfa móður þeirra (sbr. Sigrúnu Sigurðardóttur 1999). Bræðurnir þrír eru náttúrulega ólíkir að því er varðar menntun og störf: Finnur málfræðingur og prófessor í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla, Klemens lögfræðimenntaður embættismaður og síðar ráðherra á Íslandi. Hann er á lokasprettinum í Lærða skólanum í elstu bréfunum og alþingismaður í þeim síðustu. Vilhjálmur hóf einnig nám við Kaupmannahafnarháskóla en hann flosnaði upp úr námi, starfaði lengst af sem póstmáður í Reykjavík en lést ungur. Bréf hans eru flest skrifuð á háskólaárum hans og eftir að hann kom aftur til Íslands (sbr. Sigrúnu Sigurðardóttur 1999:28–29). Með þennan bakgrunn í huga má ætla að Finnur og Klemens séu fyrirfram líklegri til þess að hafa ein-kenni „fyrirmyndarmálhafans“ sem leggur sig fram við að fylgja málfræðilegri forskrift en Vilhjálmur, sbr. einnig ólíka dreifingu (að hluta) í gögnunum hér á eftir. Af þeim þremur breytum sem ég skoðaði er það helst lausi greinirinn *hinn* sem bendir til beinna áhrifa af (lang)skólagöngu. Með hinum breytunum birtist a.m.k. töluverður munur á Finni annars vegar og systur hans, Guðrúnu, hins vegar, þar sem málnotkun Finns er í umtalsvert meira samræmi við málstaðalinn en málnotkun Guðrúnar.

Ef við lítum á *töflu 3.9* (sjá ritg. bls. 93) sjáum við að hlutfall Adv–Vfin á móti Vfin–Adv í þessum fjölskyldubréfum er ærið misjafnt. Þessir bréfitrar eru sýndir hér í *töflu 1*. Adv–Vfin birtist ekki eða varla hjá Guðnýju og móður hennar, Önnu Guðrúnu. Hlutfall þeirrar orðaraðar er um 10% hjá bræðrunum, sem er reyndar svipað hlutfall og í heildarbréfasafninu á þessum tíma (sjá t.d. *töflu 3.8* á bls. 90). Athygli vekur að hlutfall Adv–Vfin er hæst hjá Guðrúnu Jónsdóttur og auðvitað mætti ímynda sér að skortur á skólagöngu hafi hér einhver áhrif en við sitjum þá uppi með þá spurningu hvað segja megi um lágt (og enn lægra) hlutfall Adv–Vfin hjá mæðgunum Guðnýju og Önnu Guðrúnu.

	Adv–Vfin	heildarfjöldi
Finnur Jónsson	11%	109
Klemens Jónsson	9,7%	31
Vilhjálmur Jónsson	9,1%	33
Guðrún Jónsdóttir	24,3%	415
Guðný Jónsdóttir	2,7%	37
Anna Guðrún Eiríksdóttir	0%	94

Tafla 1: Hlutfall Adv–Vfin orðaraðar af heildardæmafjölda um breytuna (Adv–Vfin/Vfin–Adv) í fjölskyldubréfunum.

Til samanburðar er hægt að líta á hinar breyturnar tvær á hliðstæðan hátt. Byrjum á lausa greininum, *hinn* á móti *sá*, sbr. *töflu 2*. Eins og kemur fram í ritgerðinni (og athugasemdum HP) má gera ráð fyrir að hlutfall *sá* sé eitthvað ofáætlað vegna þess að *sá* er formlega tvírætt að því er varðar ákveðna greininn *sá* og ábendingarfornafnið *sá*, ólíkt *hinn*. Eins og í ritgerðinni býð ég því upp á tvenns konar nálgun á tíðni breytunnar: annars vegar með því að skoða einfaldlega *hinn* andspænis *sá* með slíkri formlegri tvíræðni (fyrstu tveir dálkarnir í *töflu 2*), hins vegar með því að skoða einvörðungu *hinn* út frá umreiknaðri tíðni miðað við hver tíu þúsund orð (síðustu tveir dálkarnir), þar sem tíðni *hinn* er reiknuð út frá dæmafjölda og heildarorðafjölda í bréfunum. Dagsetningum er sleppt hér enda er *sá* nánast einhaft í því samhengi. Af alls 72 dæmum um greini með dagsetningu var aðeins 1 dæmi um *hinn* (hjá Guðrúnu).

	hlutfall <i>sá</i>	heildarfjöldi	tíðni <i>hinn</i>	orðafjöldi
Finnur	51%	83	11,6	35.313
Klemens	58%	19	11,8	6.784
Vilhjálmur	50%	26	13,5	9.642
Guðrún	82%	160	3,4	85.703
Guðný	100%	7	0	5.296
Anna Guðrún	78%	63	3,9	36.022

Tafla 2: Hlutfall *sá* af heildardæmafjölda um *sá/hinn* sem lauss greinis í fjölskyldubréfunum (vinstra megin) og umreiknuð tíðni *hinn* í sömu undirmálheild (hægra megin). Dæmum um greini með dagsetningum er sleppt.

Í *töflu 2* sjáum við greinilegan mun hjá bræðrunum annars vegar (hlutfall *sá* á bilinu 50–58%) og systrunum og móður þeirra hins vegar (hlutfall á bilinu 78–100%) í þá átt að mál bræðranna, sem gengu skólavegin, er umtalsvert nær málstaðlinum en mál kvennanna, sem gerðu það ekki. Hlutfall *sá* í máli bræðranna er vissulega býsna hátt enda er það ofáætlað, eins og áður sagði. Ef við lítum á umreiknaða tíðni lausa greinisins *hinn* og eyðum þannig þeirri skekkju í niðurstöðunum sem hlýst af því að skoða *hinn* og *sá* saman, fáum við þó svipaða mynd. Umreiknuð tíðni *hinn* hjá bræðrunum miðað við 10 þúsund orð er þreföld til fjórföld tíðni *hinn* hjá mæðgunum Guðrúnu og Önnu Guðrúnu; engin dæmi eru um *hinn* hjá Guðnýju en þar er líka lítið efni undir. Við sjáum því enn að þeir bréfritarar í þessum hóp sem gengu í Lærða skólann hafa mun herra hlutfall þess afbrigðis sem er í samræmi við málstaðalinn (= *hinn*) og að sama skapi lægra hlutfall þess afbrigðis sem er ekki í samræmi við þennan staðal (= *sá*).

Að lokum getum við lítið á notkun fn. *maður* sem hefur verið umreiknuð á sama hátt og *hinn* hér fyrir ofan, eins og sýnt er í *töflu 3*.

	<i>maður</i>	dæmaföldi	orðaföldi
Finnur	2,5	9	35.313
Klemens	8,8	6	6.784
Vilhjálmur	28	27	9.642
Guðrún	10,5	90	85.703
Guðný	1,9	1	5.296
Anna Guðrún	2,8	10	36.022

Tafla 3: Umreiknuð tíðni fn. *maður* miðað við hver tíu þúsund orð í fjölskyldu-bréfunum.

Tíðni fn. *maður* sýnir ekki sömu snyrtilegu dreifingu og *hinn* í töflu 3, þ.e. Finnur notar það nokkurn veginn til jafns við móður sína en tíðni *maður* er svipuð hjá Klemens og hjá Guðrúnu. Þá virðist Vilhjálmur einkar gjarn á að nota þetta fornafn en Guðný notar það nánast ekki neitt. Það mætti þó benda á að miklar líkur eru á skekkjum af því að dæmin eru tiltölulega fá og textamagnið lítið. Ef við lítum einvörðungu á þá bréfritara sem skrifa mest, þau Finn, Guðrúnu og Önnu Guðrúnu, væri hægt að álykta að merki séu um áhrif málstöðlunar hjá Finni því að hlutfall fn. *maður* er mun hærra hjá systur hans, Guðrúnu. Lág hlutfall fn. *maður* hjá móður þeirra þarf ekki að mæla gegn því, þar sem notkun fornafnsins í bréfasafninu jókst jafn og þétt alla 19. öldina, einnig ef lítið er sérstaklega á fæðingarár bréfitaranna og þeim skipt upp í fjórar kynslóðir (sbr. töflu 5.26 í ritg. bls. 200).

Svar við spurningu 9: Í (11) dregur HÞ upp gagnlegan samanburð á *sá* og *hinn* í ólíkum hlutverkum í íslensku nútímamáli, þ.e. *sá/hinn frægi* í lið (11b) og *sá/hinn fyrrnefndi/síðarnefndi* í (11c) er þar nokkurn veginn samanburðarhæft (*hinn* í (11b) fær þó spurningarmerki hjá HÞ) en (11a) *hinn/sá blái bill* og (11d) *hið/það svokallaða brun* er það ekki, þ.e. *sá blái bill* er að mati HÞ eitthvað allt annað en *hinn blái bill*, enda væri *sá* afmarkandi í nútímamáli (*sá blái bill* en ekki einhver annar tiltekinn bill), og *sá* virðist ganga mjög illa með lo. eins og *svokallaður*. Það er aftur kjörlendi lausa greinisins *hinn* í nútímamáli eins og Pfaff (2015) hefur rakið ítarlega.

Eins gagnlegt og þetta yfirlit er reyndist ómögulegt að fylgja nútímamáls-mynstrum af þessu tagi við dæmaflokkun. Ástæðan er sú að eiginlega í hvert sinn sem ég ætlaði að gefa mér að tiltekið mynstur kæmi ekki fram með annaðhvort *hinn* eða *sá*, fann ég dæmi um það í gagnasöfnum mínum eða á *Tímarit.is*. Þetta túlkaði ég þannig að ég gæti hreinlega ekki litið á 19. aldar íslensku á þennan hátt, enda væru þar „dönskuleg“ mynstur eins og *sá* í hlutverki greinis í umhverfi (11a,d) og merki um *hinn* í afmarkandi merkingu, sbr. (11c). Mér fannst þ.a.l. ómögulegt að miða við mína máltilfinningu eða almennar hugmyndir um

dreifingu í nútímamáli við afmörkun á sviði breytileikans í 19. aldar íslensku. Eins og *mynd 3* hjá HP sýnir glögg (sjá *mynd 4.29* á bls. 164 í ritgerðinni) er alls ekki um sömu hömlur að ræða á 19. öld og þær sem birtast í (11). Við þetta bættist að notkun *sá/hinn* skv. málviðmiðum í Lærða skólanum, þ.e. eins og þau birtust í leiðréttingum kennaranna á verkefnum nemenda, er ekki sú sama og síðar varð enda gengur staðall Lærða skólans mjög langt í að útrýma *sá*, einnig þar sem færa má rök fyrir að það sé ábendingarforbafn.

Ákjósanlegast hefði verið að bæta einu greiningarlagi við þar sem notkunin er miðuð við svið breytileikans í nútímamáli auk þess sem var á 19. öld og það mætti hugsa sér að reyna eitthvað slíkt í framtíðinni. Aftur á móti beitti ég líka annarri aðferð við afmörkun breytileikans, þar sem ég skoða einvörðungu tíðni *hinn* og umreikna þá tíðni miðað við heildarorðafjölda (sbr. hér að ofan) og ég tel þá viðbót gefa nægilega skýra mynd af dreifingunni á þessu stigi til þess að komast í kringum greiningarvandann í tengslum við *sá*. Lesandanum standa því báðar leiðir til boða, að feta sig í gegnum þokukennt *sá/hinn*-klungrið eða virða fyrir sér hina árennilegri *hinn*-stuðla. Ég viðurkenni fúslega að sú nálgun sem ég beiti í ritgerðinni er ekki fullkomin en ég taldi hana illskásta, ekki síst með umfangið í huga, og þá einu sem boðleg var til þess að varpa ljósi á málnotkunina í gegnum linsu málviðmiða Lærða skólans. Aðalatriðið í mínum huga var að kanna hvort merki fyndust um áhrif málstöðlunar innan þessarar breytu og ég tel báðar aðferðir gagnast til að varpa ljósi á það.

Að lokum vil ég víkja aðeins nánar að mynstrum HP í (11) eins og þau birtast í 19. aldar gögnum. HP segir að með lýsandi lýsingarorði eins og *blár* í (11a) sé *sá* greinilega ábendingarforbafn en ég er ekki sannfærður um að þetta eigi eins skýrt við um lýsandi lo. í mínum gögnum. Áreiðanlega er það oft raunin en alls ekki alltaf, því oft birtist *sá* með lýsandi lo. þar sem ekki verður séð að vísað sé til einhvers sem búið er að nefna. Ég tek hér nokkur dæmi frá ýmsum tímum, bæði úr blaða- og bréfasafninu.²

- (1)a. Í nærst undangenginni Tíðinda Deild, hefi eg nockud sagt frá stríði Franskra við **þá svörtu menn**, á eyunni Sti. Domingo í Vestindium, og skildist þar við, bls. 27, er hinir höfdu fullkominn sigur unnid (Minnisverð tíðindi 1808-01-01 (2. tbl. 3. árg.).txt)
- b. Seinast þetta sama ár, kom saxískur Adalsmadur, Karl af Miltitz frá Rómaborg; hann færði Kjørfursta Fridriki **þá raudu rós**, Páfa mesta heidurs- og náðar-merki. (Margvíslegt gaman og alvara 1818-01-01 (1. tbl. 2. árg.).txt)

Í báðum tilvikum er feitletraði nafnliðurinn nýr í umræðunni og samsvarar notkuninni með lausa greininum *hinn* í (11a) hjá HP. Í (1a) notar textahöfundur fjöl-

² Um tilvísanir í þetta efni vísast nánar á doktorsritgerðina þar sem gerð er grein fyrir efniviðnum. Sjá einnig (<https://osf.io/bdsv6/>).

breytt orðalag um þeldökka menn í því sem á eftir fer og talar um „hjá Svörtum“, „á medal enna Svörtu“ og „þrældómur hinna Svörtu“. Líkt og sést víðar á 19. öld virðast því *sá* og *hin* (og stöku sinnum *enn*) vera notuð nokkuð jöfnum höndum. Í (1b) er ekki um að ræða rós sem nefnd hefur verið áður en viðbótin „Páfa mesta heidurs- og náðar-merki“ kveður vissulega nánar á um það hvaða rós er átt við, líkt og í tilvísunarsetningu þar sem venja væri að greina undanfarandi *sá* sem ábendingarfornafn.

Ýmis dæmi má tilfæra um önnur lýsandi lo. eins og *lítill*, *harður*, *núverandi*, *almáttugur*, *nýr*, *gamall*, *grösugur* og *byrjaður*:

- (2)a. Siálfum honum var þarámót gæfin **sú litla ey Elba** við Valland til umráða, og hann var skömmu seinna þángad fluttr að tilhlutan sigurvegaranna. (Íslenzk sagnablöð 1816-01-01 (1. tbl. 1. árg.).txt)
- b. Ef sjálft Árid í sólarinnar geisla er safn af lifandi verum; ef eitt korn pipars steitt og lagt í edik, fljótt sýnir ótölulegann grúa lifandi sképna; ef sjálfir steinarnir og **sá hardi marmari**, hvað stæckunar-gler sanna, og sérhverr svo nefndur daudur hlutur, fastur og eins rennandi, eru full af lifandi sképnum, hverra grúa vér fóttröðum, hvílikur mun þá þess máttur, vís-dómur, gædska og forsjón vera, sem allt þetta tilbjó [...]. (Klausturpóstur-inn 1820-01-01 (1. tbl. 3. árg.).txt)
- c. Foringi vinstri manna í fólksþinginu, Christofer Hage, kvað nú lýst yfir því ótvírætt, og órjúfanlega að þetta ráðaneyti myndi aldrei og undir aungum kríngumstæðum setja bráðabyrgðarfjálög framar. Auðvitað bindur þetta ekki hendur á neinum nema þessu ráðaneyti, ekki einu sinni á **þeim núverandi hægra flokki** í Danmörku, enda er þetta ráðaneyti þeim flokki alt annað en ástfólgið, þó hann styðji það að nafninu til. (Bjarki 1896-11-07 (5. tbl. 1. árg.).txt)
- (3)a. Þig sialfan kissi eg i þaunkunum, **sa almattugi godi gud** anist þig og ebli til als gods. (MalJen-1820-09-15.xml)
- b. Eg veit hvað tímanum liður. Skóla verður senn sagt upp, og þar eftir fellur ferð vestur. Meiri partur af skipum er kominn og öll tíðindi, sem væntanleg eru. **Sá nýi assessor** í yfirréttinum heilsaði í Reykjavík í gær, eg hafði þá æru að sjá hann. (ArnHel-1834-05-20.txt)
- c. Þú minnst á Fjölni. Margir láta illa við honum. Þeir hérna á norður nesinu af því þeir segja hann kenni, að guð hafi ekki skapað heiminn. Sýslumennirnir af því að þeir þykjast geta það, sem hann segir þeir geti ekki, skrifað annað hvort dönsku eða íslenzku. Eg tek upp þykkjuna fyrir **þau gömlu Félagsrit**, hverra orðfæri þeir herrar segja, að dönsku slettur óprýði. En sé stillinn í Félagsritunum gallaður, þá er stillinn á Fjölni ekki lýtalaus [...]. (ArnHel-1835-10-08.txt)
- d. Drottinn annist þig, minn beztí bróðir, og veri þín hjálp og aðstoð **þann byrjaða vetur** og alla ólifaða æfidaga (IngJon -1847-11-08.txt)

- e. Á þessu ári fór eg að manna mig, og skoða **það grösuga norðurland**, og er það ekki ofskert að það er vel byggilegt, enn þar vantar sem víða annarstaðar, að margt er skamt á veg komið, og illa notað, sem eg meina bæði til sjós og vatns, þar eru sunnlendingar miklu framar (KleBjö-1861-11-20.xml)

Eins og HP nefnir getur *sá* staðið sem greinir með metandi lo. og um það eru ýmis dæmi, t.d. með *lærður*, *valinkunnur*, (*nafn*)*frægur*, *nafnkenndur* o.s.frv. Um síðasta mynstur HP í (11d) er jafnframt hægt að finna dæmi eins og hann bendir á, sbr. eftirfarandi:

- (4)a. Þykir mér líkast, að þessi eldur muni vera í **þeim svokölluðu Grímsvötnum** eða vorri terra Eldorado, því eg hef ekki heyrt getið, að nokkur hafi þangað komið. (GeiVid-1822-10-07.txt)
- b. Eg finn skyldu mína opinberlega að láta mitt þacklæti í té, þeim heidurs mönnum, sem í Rángárvalla og Árness Sýslum samt Álptanesshrepp, og einkum í Reykjavík, hafa skotid saman fríviljugum gjöfum til vídurhalds því Sæluhúsi, sem eg fyrir nockrum árum bygdi í **þeim svo kölluðu: Fóelluvötnum**. (Sunnanpósturinn 1838-06-01 (6. tbl. 3. árg.).txt)

Ég get alveg verið sammála HP í því að það sé einhver danskur bragur á dæmum af þessu tagi en tel þó ekki að það réttlæti endilega aðra nálgun en þá sem beitt var við afmörkun breytunnar.

Varðandi merkingarflokka lo. eru þeir áreiðanlega ekki næg vísbending um þessi ólíku mynstur. Þess vegna var jafnframt beitt þeirri nálgun að skoða *hinn* eitt og sér og dreifingin túlkuð út frá umreiknaðri tíðni orðsins, þar sem *hinn* er ótvírætt í hlutverki greinis. Auk þess ber að hafa í huga að ákveðin atriði sem halda mögulegum dæmum um ábendingarfornafnið *sá* aðskildum í tölfræðilegri úrvinnslu voru byggð inn í líkanið. Fyrir utan TEGUND LO. voru þetta þættirnir STIG LO. (þar sem miðstig felur oft í sér samanburð og hefur tilhneigingu til að vera afmarkandi, grunnstig er yfirleitt óafmarkandi og efsta stig getur verið hvort sem er, sbr. kafla 4.2) og ekki síst þátturinn TILVÍSUN (þ.e. hvort á eftir dæminu fór tilvísunarsetning). Víðri afmörkun af þessu tagi fylgir auðvitað sú hættu að verið sé að bera saman epli og appelsínur (sbr. viðvörun Tagliamonte 2012:10–11) og það kemur jafnvel úr hörðustu átt að ég gagnrýni einmitt athugun Jensens og Christensen (2013), sem snýr að orðaröð í dönsku, fyrir að gera ekki nægjanlega skýran greinarmun á hinu setningafræðilega umhverfi sem málbreyta þeirra birtist í (sjá bls. 17 í ritg. og tilv. þar).

Svar við spurningu 10: Þó að skoða mætti leiðréttingar í skólastílnum betur en ég hafði tækifæri til er ég ekki tilbúinn til að samþykkja þá túlkun að kennararnir hafi bara viljað útrýma *sá*. Það er a.m.k. ekki tilfinning mín fyrir leiðréttingum á öðrum atriðum í skólastílnum að þær hafi einfaldlega verið gerðar vélrænt. Ég hef t.a.m. ekki fundið að kennararnir hafi leiðrétt dæmi um stílfærslu í tilvís-

unarsetningu án sýnilegs frumlags og þannig ruglað saman stílfærslu og sögn í þriðja sæti (Adv–Vfin) — líkt og sumir hafa gert í gegnum tíðina, t.d. Jakob Jóh. Smári í setningafræði sinni og presturinn sem fannst vera „eitthvert danskt óbragð að [...] ellegar klaufabragð“ (sjá ritg. bls. 84 og tilv. þar). Ég tel líklegra að kennararnir hafi litið til dönsku og annarra skyldra mála þar sem ákveðinn greinir er notaður í dæmum af þessu tagi, einnig í afmarkandi merkingu (*sá/hinn fyrri, sá/hinn síðari*) og þótt tilvísunarsetning fylgi á eftir, og viljað setja *hinn* á alla þá staði. Það er þá einfaldlega tilraun til málstýringar frekar en einhver vankunnátta eða uppgjöf varðandi merkingarlega eða notkunarlega þætti. Þó að mér finnist samanburðurinn við vandræði við að kenna um nýju setningagerðina (*Það var brint mér/lamið mig ... andspænis Það var stolið bíl ...*) mjög áhugaverður held ég að það sé ekki alveg sambærilegt. Halldór Kr. Friðriksson (1861:30) gefur reyndar í skyn í málfræði sinni að það sé erfitt að lýsa því nákvæmlega hvar nota eigi *hinn* og segir það „komið undir tilfinningu og vilja þess, sem ritar“ þótt þarna sé hann að vísu að bera *hinn* saman við viðskeytta greininn, ekki við *sá*.

Dreifingin í tímaritunum (sjá kafla 4.3.5, bls. 162–165) sýnir líka að anafórísk notkun á *hinn* er mjög mikil allan síðari hluta 19. aldar og í raun fjarar frekar hægt undan henni. Á sjöunda áratug 20. aldar er *hinn* enn haft í um eða yfir helmingi tilfella með *hinn fyrrnefndi/síðarnefndi*, þótt það sé náttúrulega fjarri 90–95% hlutfalli *hinn* í því umhverfi um öld áður. Kennararnir vissu að mínu mati með öðrum orðum alveg hvað þeir voru að gera en þetta skref virðist aftur á móti hafa reynst of stórt til þess að bera árangur þegar til lengri tíma er litið. Eins finnst mér ólíklegt að þessi notkun *hinn* í kjörumhverfi *sá*, þar sem tilvísunarsetning fer strax á eftir, hafi borið mikinn árangur en þetta var ekki kannað að öðru leyti en því að tíðni *hinn* í dagblaða- og tímaritstextum eykst yfir allt tímabilið 1800–1925 bæði þar sem nafnliðnum fylgir tilvísunarsetning og með einföldum/óbreyttum liðum (sbr. mynd 4.22, bls. 151). Svipað mynstur sést í bréfunum nema hvað þar er tíðni *sá* miklum mun hærri yfir allt tímabilið og munurinn eftir umhverfi minni (sbr. mynd 4.23, bls. 152).

Svar við spurningu 11: Þótt stundum sé litið á formin *en* og *ens* sem aukafallsmyndir af óákveðna fornafninu *man* í dönsku er það ekki einhlítt. Sýn mín á fn. *man* í dönsku byggðist að verulegu leyti á ágætri umfjöllun Jensens (2009) en þó ekki síst á Fenger (2018). Ég byrja á hinni síðarnefndu. Fenger (2018) fjallar ítarlega um ópersónuleg „*man*-fornöfn“ innan germönsku málaættarinnar. Þar talar hún um *en* og *man* sem fornöfn, ekki sem eitt fornafn líkt og HP lýsir, þar sem greint er eftir merkingu eða notkun: *en* sem „imp-φ“ og *man* sem „imp-N“ (Fenger 2018:295, tafla 2). Fjallað er um þetta sem „two pronoun types“ (Fenger 2018:298), þar sem seinni gerðin getur aðeins staðið í nefnifalli en sú fyrri getur staðið í hvaða falli sem er. Merkingarlega eru þessi fornöfn líka ólík. Fenger heldur því fram að hafi tungumál „imp-N“ fornafn, sem er notkunarlega svolítið takmarkað, þá hafi það jafnframt eitthvert „imp-φ“ fornafn á móti.

Í greininni er rakið í nokkuð ítarlegu máli (sjá Fenger 2018, kafla 4.4.1) að líta beri á *en* og *man* sem tvö aðskilin fornöfn sem hafi ólíkt notkunarsvið: „these pronouns are not underlyingly the same, but represent different pronouns“ (Fenger 2018:318). Fenger (2018) færir rök fyrir því að *man*-fornafnið í frísnesku sé af þeim toga sem HÞ talar um, þar sé raunverulega um óreglulega beygingu (e. *suppletion*) að ræða, þar sem allar myndir fornafnsins leyfast í sömu merkingu og hinn aðgreinandi þáttur sé einvörðungu fall. Þetta væri því sambærilegt við fn. *sá* í íslensku og *þ-* formin innan þess beygingardæmis. Hið sama eigi hins vegar ekki við um *man* í dönsku (né heldur þýsku, norsku, sænsku og flæmsku), þar sem um sé að ræða ólíka setningafræðilega formgerð, sem leiði ekki aðeins af sér ólíka dreifingu eftir setningafræðilegu umhverfi heldur líka ólíka merkingu (sjá ítarlega umfjöllun um þetta víðar í grein Fenger). Í íslensku er enginn merk-ingarmunur á *s-* og *þ-* myndum fornafnsins *sá* og því er rétt að líta á þær beyging-armyndir sem myndbrigði.

Hin greinin sem vísað er á varðandi *man* í dönsku er frábrugðin Fenger (2018). Jensen (2009) lítur svo á að í máli flestra séu *en* og *man* í fyllidreifingu í dönsku þar sem rétt sé að líta á þau sem myndbrigði (allómorf) og „rangt“ sé að líta á formin sem aðskildar breytur: „it would be wrong to treat *en* and *man* as independent variants of the variable “pronoun with generic reference”“ (Jensen 2009:94). Greining Jensens (2009) er því í samræmi við það sem HÞ lýsir. Ekkert í ritgerðinni hangir svo sem á því hvor þessara greininga sé réttmætari, Fenger (2018) eða hin hefðbundna greining, enda aðalrannsóknarefnið ekki danska. Ég taldi því ekki ástæðu til þess að fara ofan í saumana á þessu atriði.

Svar við spurningu 12: Þessi spurning, sem lýtur að því hvort *maður* hafi verið nafnorð í fornu máli en samt **notað sem** fornafn í ákveðnum tilvikum, kemur upp víðar í sambandi við hlutverk og greiningu liða, t.d. í umræðu um aukafalls-frumlög: eru þau frumlagsígildi, (innri) rökliðir **notaðir sem frumlög**, eða eru þau einfaldlega **frumlög**? Ég tel þetta orðalag, „notað sem“, sérstaklega eiga rétt á sér snemma í málfræðivæðingarferli þar sem notkun orðs í einhverju tilteknu hlutverki er að breytast og það er að taka á sig einhverja aðra mynd án þess að hún sé endilega að fullu hefðuð (e. *conventionalised*). Það blasir ekki við að það eigi við um aukafallsfrumlög, a.m.k. ekki í neinum varðveittum málheimildum, en það má kannski færa rök fyrir því í tilviki *maður*.

Ef *maður* birtist í umhverfi þar sem það virðist stangast á við eðli nafnorða, t.d. í því að það ber ekki alltaf áherslu (sbr. vitnisburð Helga Skúla Kjartanssonar (2017) úr kveðskap), er engu líkara en að það sé notað sem fornafn. Það eru hins vegar ekki endilega miklar aðrar vísbendingar um það á þessu stigi að það sé fornafn (hér þarf þó að athuga tilfærð dæmi í forn málsorðabókum, sbr. HÞ og umræðu í ritg. bls. 188). Ef um fornafn væri að ræða yrði að gera ráð fyrir að til hefði verið (grunn)gerð af *maður* sem hefði ekki formgerð nafnorðs heldur fornafns þar sem venja er að greina fornöfn einvörðungu sem D/Á-hausa innan

DP/ÁL, þ.e. án N (sbr. t.d. Abney 1987, Ritter 1995 o.fl.). Það að nota *maður* „sem fornafn“ á elsta skeiði er því lýsing á því að stinga *maður*, sem venjulega er af gerðinni [ÁL Á [NL N]], inn í formgerð fornafns, sem í tilvikum *maður* annaðhvort skortir D/Á eða er með skertu D/Á-lagi (sjá bls. 207–210 í ritg.). Þetta orðalag á því mun síður við þegar *maður* í hlutverki fornafns er orðið rótgróið fyrirbrigði, líkt og það varð síðar í íslenskri málstögu.

Svar við spurningu 13: Bréfasafnið bendir eindregið til þess að fn. *maður* hafi orðið algengara en áður í talmáli 19. aldar. Hvað notkun þess í ritmáli varðar hlýtur að vera fordæming fólgin í því að gera eitthvert málfræðilegt atriði fullkomlega brottrækt úr (formlegu) ritmáli því ekki verður séð að nokkur einasta notkun á fornafninu hafi verið liðin — tæpast nokkur gullinn meðalvegur.

Í fyrirlestrum, meðal annars á kynningu í upphafi varnarinnar, hef ég stundum tekið dæmi úr ritgerð Ólafíu Jóhannsdóttur úr ársprófi 4. bekkjar 1890 en hún var fyrsta konan til að taka próf við Lærða skólann og jafnframt fyrst kvenna til að ljúka 4. bekk. Hún útskrifaðist þó aldrei. Í ritgerð Ólafíu, sem er rétt rúm ein síða, er strikað undir hvert einasta tilvik fn. *maður* — nema tvö. Það eru fyrstu tilvikin sem „sleppa í gegn“ en strikað er undir næstu sjö (!) tilvik fornafnsins, ýmist einu sinni eða tvisvar. Óleiðréttu dæmin í ritgerð Ólafíu eru eftirfarandi (feitletrun mín): „Þegar **maður** tekur það, sem heimurinn kallar hamingju fyrir mælikvarða, virðist nokkuð satt í þessu.“ Strax í næstu málsgrein segir svo: „Sá vegur blasir oft við **manni**, er liggur til auðs og metorða, hann virðist heiður og ruddur, og **maður** þarf einungis að afneita samvizku og sannfæringu til að ganga hann.“ Í seinna dæminu birtist *maður* því í tvígang, en er aðeins leiðrétt í annað skiptið. Hin leiðréttu dæmin eru sambærileg þessum, t.d. er strikað undir *maður* í dæminu „En gái **maður** að því að ...“, þrátt fyrir að þar gæti alveg verið um nafnorðið að ræða, enda ekkert fornafn sem vísar aftur til orðsins sem sker úr um eðli þess. Ég sé ekki betur en að strikað sé í fornafnið í verkefnum nemenda ef það er notað á annað borð og ekki virðist hafa skipt máli að það væri strangt tiltekið tvírætt (fornafn/nafnorð), það var leiðrétt jafnvel þótt vísað væri til þess síðar með persónufornafni frekar en með endurtekningu á *maður* (sbr. einnig Heimi van der Feest Viðarsson 2017).³

Það kann vel að vera að athyglin (og spjótin) hafi í auknum mæli tekið að beinast að fn. *maður* eftir því sem fornafnið sótti í sig veðrið en ástæðan hlýtur að vera sú að litíð var á þessa notkun sem danskættaða. Þar með er hægt að færa rök fyrir

³ Það er því ólíklegt, þótt ekki sé það útilokað, að strikað sé í orðið *maður* hér á undan af því að kennarinn hafi ætlast til að þar stæði pfn. *hann*, sem vísi til *manni* í setningunni á undan (sem væri þá túlkað sem no., frekar en fn.). Þá hefði væntanlega verið eðlilegast að strika undir *manni* líka enda hefði verið hægt að vísa þar með pfn. *hann* til óleiðréttu tilviksins *maður* í fyrsta dæminu, sem hitt er beint framhald af. Þetta mætti auðvitað gjarnan kanna með ítarlegri hætti og á stærra safni ritgerða en mínar stikkprufur byggjast á.

því að tala um brennimerkingu. Það er líka áreiðanlega engin tilviljun að í *Danskri málfræði* Halldórs Kr. Friðrikssonar (1857) er danska fornafnið *man* ekki þýtt með samsvarandi fornafni í íslensku heldur með fleirtölumynd nafnorðsins, *menn*, sbr. einnig að hluta athugasemdir í dansk-íslenskri orðabók Konráðs Gíslasonar (1851; sjá umfjöllun í ritg. bls. 187). Við þetta má raunar bæta að athugasemdir Konráðs og elstu leiðréttingar í skólaverkefnunum koma jafnvel á undan þeirri sprengingu sem verður í notkun fn. *maður* í bréfasafninu á síðasta fjórðungi 19. aldar og fyrsta fjórðungi 20. aldar og helgast því e.t.v. ekki svo mjög af þeirri aukningu.

Svar við spurningu 14: Mikil notkun á fn. *maður* í því textabroti úr *Pilti og stúlku* sem HP vísar til er svo áberandi að henni hlýtur að vera beitt þar viljandi sem stílbragði. Eins og Ásta Svavarsdóttir (2017a) rekur í grein um dönskuskotið málfar á 19. öld eru dregnar upp andstæður í *Pilti og stúlku* sem birtist meðal annars í málnotkun: „Munur sögupersónanna kemur fram í hátterni, klæðaburði og málfari“ (Ásta Svavarsdóttir 2017a:51). Ingveldur er auðvitað ekki ein um að nota þetta fornafn í sögunni en við ættum síður von á að sögupersóna á borð við Sigríði, sem „þótti [...] betra að tala það [þ.e. íslenskt mál] óbjagað, sem hún kunni, enn rammbjagaða dönsku“ (sjá tilv. rit, s.s. og tilv. þar), væri látin nota fn. *maður* með þessum hætti. Þetta eru þó tómar getgátur og veltur einnig mjög á því hve gömul brennimerking á fn. *maður* er. Um það er enn margt á huldum. Af hverju einmitt þessi breyta væri valin til þess að draga upp andstæður í tilfelli Ingvaldar er alls ekki ljóst en hlutverk fornafnsins hér kann að eiga að vera til þess að gera á einhvern hátt skýrari greinarmun á Ingvaldi, einum aðalskúrkinum eins og HP bendir á, og öðrum sögupersónum með því að draga athygli að einhverju í (mál)fari hennar. Til þess þarf málbreytan væntanlega að hafa haft einhverja sérstaka og mögulega neikvæða skírskotun í huga lesenda en ekki er hægt að útiloka að einhver önnur skýring búi hér að baki.

Svar við spurningu 15: Þessu er ég sammála og ástæða þess að hástéttarkonur voru á eftir öðrum í að tileinka sér nýjungina er þá hugsanlega einmitt fólgin í því að hún var brennimerkt. Þessa dreifingu mætti því túlka í samræmi við þessa hefðbundnu niðurstöðu úr félagsmálvísindalegum rannsóknum í anda Labovs þar sem konur leiða oft breytingar svo fremi sem breytingarnar hafa ekki á sér einhvern neikvæðan stimpil.

Svar við spurningu 16: Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömquist (2005) tala um notkun fn. *maður* sem stílbundið fyrirbæri, sem dragi úr í formlegu ritmáli með aldri og aukinni menntun skrifaranna. Það er því samkvæmt skilgreiningu Elspaß (2016) dæmi um málstöðlun sem er árangursrík að hluta, þ.e. nær ekki almennt til persónulegra skrifa og væntanlega ekki til allra þjóðfélagshópa heldur einungis til formlegs ritmáls. Það er ekki heldur endilega markmið málstýringar að hafa áhrif á málnotkun á öllum sviðum, þar á meðal í daglegu tali. Eins og

Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömqvist (2005:154) segja hafa stílfraðilegar hömlur áhrif á notkun fornafnsins: „constraining the use of *maður* to an infrequent use in mature, literacy-experienced, and well-educated speaker-writers“.

Mín túlkun á þessu er ólík túlkun Hrafnhildar og Strömqvist að því leyti að stílbundnar hömlur, sem tengjast ekki aðeins stíl heldur líka t.d. menntunarstigi, reynslu og aldri (sbr. annars vegar „mature“ og hins vegar „literacy-experienced“), mætti allt eins túlka þannig að málstýring hafi í raun ekki verið neitt sérlega árangursrík í tilvikum *fn. maður*, sem er eftir sem áður ákaflega útbreitt. Ef markmið málstýringar á ekki að vera bundið við formlegt ritmál menntafólks og annarra sem hafa beinlínis atvinnu af skrifum má færa rök fyrir því að hömlurnar sýni að málstýring hafi til lengri tíma litið aðeins haft takmörkuð áhrif.

Svar við spurningu 17: Það er mjög líklegt að talmálslegt orðfæri hafi aukist í blöðunum síðustu áratugi og óformleg viðtöl eru ágætt dæmi um það. Þetta er ekki atriði sem hægt hefði verið að kanna á einfaldan hátt í þessu verkefni því mismunandi textategundir innan blaðanna (t.d. fréttaskýringar, viðtöl, frásagnir, auglýsingar o.s.frv.) voru ekki aðgreindar í gögnunum. Textategund hefur að sjálfsögðu áhrif á málnotkun og það hefði mátt ræða betur þann túlkunarmöguleika að aukna tíðni *fn. maður* mætti rekja til breytinga á innihaldi blaðanna. Nánari greining á gögnunum með þessum hætti var hins vegar utan þess ramma sem var afmarkaður í þessu verkefni, auk þess sem umrædd aukning á notkun *fn. maður* verður ekki á því tímabili sem þar var í forgrunni, 19. öldinni, heldur síðar. Þetta atriði mætti hins vegar gjarnan kanna nánar.

Svar við spurningu 18: Svarið við þeirri spurningu hvort könnuð hafi verið fylgni milli breytnanna er eiginlega bæði já og nei. Slík fylgni hefur lengi verið mér hugfólgin ekki síst vegna þess að athuganir á áhrifum málfræðilegra leiðréttinga, forskriftarmálfræði, málstýringar, málstöðlunar o.s.frv. hafa yfirleitt fyrst og fremst tekið til tímabáttarins: ef hægt er að sýna fram á að dragi úr notkun einhvers tiltekins fyrirbæris, jafnt og þétt eða skyndilega, helst þannig að hægt sé að benda á einhver ummæli og/eða rit sem talin eru hafa verið áhrifarík í málstöðlunarlegu tilliti, þá sé það góð vísbending um að málstöðlun hafi haft áhrif á málnotkun (a.m.k. á þá málnotkun sem könnuð var). Reyndar hefur málfræðingum reynst erfitt að sýna fram á slík tilvik, sbr. t.d. Auer (2009) og Anderwald (2014) sem nefna einkum dæmi um væg áhrif sem hafi valdið því að það hægist (jafnvel bara tímabundið) á málbreytingu en alls ekki um að forskrift hafi haft stórvægileg áhrif á málpróun.

Nýlega hefur verið kannað hvort höfundar sem forðast tiltekið atriði í ensku forðist jafnframt önnur atriði sem einnig hefur verið amast við og niðurstaðan var sú að vísbendingar um það megi finna í rituðum heimildum (sjá Hinrichs o.fl. 2015). Ég var viðstaddur kynningu Hinrichs o.fl. á þessum niðurstöðum á málþingi talsvert áður en þær birtust á prenti og rannsóknin varð mér þegar mik-

ill innblástur til þess að reyna að skoða fleiri þætti en einvörðungu tímaþáttinn. Þetta varð m.a. kveikjan að því að ég reyndi að nýta skólaritgerðirnar, sérstaklega bakgrunnsbreytur um nemendur Lærða skólans, til þess að varpa skýrara ljósi á málstöðlunarferlið. Eru til dæmis tengsl milli tiltekinnar málnotkunar og skólagöngu (efri bekkja andspænis neðri bekkjum) eða útskriftareinkunnar (hárrar einkunnar andspænis lágri einkunn eða öðrum sem útskrifuðust jafnvel ekki)? Þetta var fylgni af öðru tagi en HP spurði um og Hinrichs o.fl. (2015) hafa rannsakað en hana má engu að síður telja viðbótarrök fyrir því að fleiri þættir skipti máli varðandi áhrif málstöðlunar en þróun einvörðungu í tíma (sjá ritg. kafla 3.4.3, 4.3.4 og 5.4.4 og (svar við) spurningu 3 frá Caroline Heycock).

Ég gerði hins vegar líka tilraunir með að byggja sérstök málstöðlunaráhrif inn í tölfraðilíkan hliðstætt aðferðum Hinrichs o.fl. (2015) til þess að mæla fylgni af því tagi sem HP spyr um. Þannig bjó ég til breytur af ýmsu tagi til þess að mæla eða ákvarða hlutfall hverrar málbreytu fyrir þann höfund (eða texta). Tilraunir með líkön með þessum breytum misheppnuðust allar með villum í samleitni (e. *convergence*) og fylgni var aldrei marktæk. Nú getur ómarktæk fylgni auðvitað verið áhugaverð ef við getum ályktað sem svo út frá því: það er þá a.m.k. ekkert sem bendir til þess að marktæk fylgni sé milli þess að nota sjaldan breytu X og að nota sjaldan breytu Y. Þegar villa í samleitni kemur upp er hins vegar óheimilt að túlka líkan og ekkert hægt að segja um útkomuna. Villur af þessu tagi komu ekki á óvart því að textamagn á bak við hvern einstakling er nær undantekningalaust lítið og þá reynir mjög á þanþol líkansins. Þetta er aftur á móti atriði sem mig langar að skoða í framtíðinni. Það kallar að öllum líkindum á þéttara gagnasafn svo að allar breyturnar fái tækifæri til að birtast (eða birtist marktækt ekki) hjá sama höfundinum. Ég tel mitt safn ekki hafa uppfyllt þetta skilyrði nægilega vel og þar við situr — í bili.

Að lokum: Ég get auðvitað ekki verið ósammála samantektinni í niðurlagsorðunum í andmælaræðu HP. Þó að ekki hafi tekist eins vel að nýta setningafræðikenningar til að varpa ljósi á breytileikann innan *sá/hinn* og *maður* og „prófa ýmsar fræðilegar tilgátur um viðfangsefnið og hafna sumum“ (sbr. lokaorð HP) og í fyrstu tilviksrannsókninni, eru samt nokkur atriði í ritgerðinni sem mér þykir vert að draga fram í þessu samhengi. Þannig segi ég (bls. 143) að bent hafi verið á beygingafræðilega þætti sem mögulega skýringu á ólíkri notkun lausa og viðskeytta greinisins innan skandinavísku málanna (sbr. Vangsnes 2003) þar sem lýsingarorð hindri nafnorðsfærslu í málum án ríkulegrar fallmörkunar. Þessi tilgáta fellur auðvitað afar illa að íslensku 19. aldar gögnunum — og ekki síður að þeirri lýsingu og greiningu á breytileikanum sem birtist hjá Pfaff (2015). Ég ákvað því að eyða ekki púðri í að ræða það atriði nánar en gert er.

Pfaff (2015) legg ég til grundvallar minni greiningu en bendi jafnframt á (sjá kafla 4.5.3) að greining hans spái rangt fyrir um dreifingu veikrar og sterkar beygingar lýsingarorða með lausa greininum. Niðurstaða mín er sú að ekki sé

hægt að leiða beygingu lo. beint af stöðu þess innan nafnliðarins, t.d. á grundvelli liðstýringar, enda séu setningafræði og beygingarfræði aðskilin svið að mínu mati. Ég bendi einnig á (bls. 171 og víðar) að tvöföld ákveðni, sem bregður fyrir í 19. aldar íslensku, sé illa samrýmanleg greiningum sem beita hindrun (e. *blocking*) eða íhlutun (e. *intervention*) til þess að skýra mynstrin og stungið hefur verið upp á fyrir íslensku (sbr. t.d. Anton Karl Ingason 2016). Vandamál af slíku tagi mætti hugsanlega leysa á hliðstæðan hátt og þann sem ég sting upp á fyrir orðaraðarbreytuna í kafla 3.7.1, þ.e. að gera ráð fyrir breytilegri keðjuúrlausn (e. *variable chain resolution*) (sbr. t.d. Bobaljik 2002, Landau 2006 o.fl.). Þannig er hægt að skrifa út hlekk á misjöfnu stigi/misjafnri hæð í afleiðslu og jafnvel oftar en einu sinni.

Þá geri ég í kafla 4.5.4 líka athugasemdir við útvíkkaða setningarformgerð nafnliðarins eins og hún er greind hjá Pfaff (2015) og færi rök fyrir tilvist hærri eignarstöðu (e. *Poss*) og að svið (e. *scope*) hennar sé yfir ákveðni (e. *DEF*). Í (19. aldar) íslensku eru því ekki aðeins *Poss1* og *Poss2*, eins og Pfaff heldur fram, heldur líka vísbendingar um *Poss3*. Formgerðin er þá á þessa leið: *DemP* >> *Poss3* >> *N(-DEF)* >> *Poss2* >> *NUM* >> *ADJ* >> *N* >> *Poss1* (sjá umræðu og dæmi í ritgerð minni, bls. 179–180). Í kafla 4.5.5 færi ég einnig rök fyrir að þörf sé á *NUM2* og að svið þess sé fyrir ofan *DEF*: *NUM2* >> *DEF* >> *Poss2* >> *NUM1* >> *ADJ* >> *N* >> *Poss2* (sjá nánar í ritgerðinni bls. 180–182). Allt eru þetta því tilraunir til þess að skoða fyrri kenningar í gagnrýnu ljósi, beita þeim til þess að leita að ákveðnum mynstrum og stinga eftir atvikum upp á endurbótum á greiningunum.

Í umræðu um fn. *maður* eru einnig tengsl við setningafræðilegar greiningar þar sem ég byggi á Holmberg og Roberts (2013), Holmberg og Phimsawat (2017) og Fenger (2018). Þessar greiningar falla ágætlega að gögnunum og þau gefa því ekkert tilefni til endurskoðunar. Auðvitað hefði verið spennandi ef fn. *maður* í 19. aldar íslensku hefði nýst til að varpa nánara ljósi á greiningar á almennum eða óákveðnum fornöfnum. Ég kem hins vegar inn á hvernig ég sé fyrir mér að fn. *maður* hafi þróast (ritg. bls. 213–214) og við þetta má bæta að skrefið í þá átt að verða fornafn er hluti af málfræðivæðingarferli sem gerir hausum hærra undir höfði (e. *Head Preference Principle*) og er talið vera virkt sem e.k. leiðarljós í greiningu á máltökuskeiði (sjá Van Gelderen 2011; Heimi van der Feest Viðarsson 2017).

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 301–307.

CAROLINE HEYCOCK

Comments and questions at the doctoral defence of Heimir Freyr van der Feest Viðarsson

1. Preliminary comments

The overarching question addressed by this dissertation is why and how change happens in historical time in a linguistic system. The dissertation builds on work that has been carried out over the last several decades in bringing syntactic change — change in the grammar of a language, as opposed to its phonology or morphology, for example — into the ambit of empirical and theoretical linguistic research. So the overarching question is then narrowed down to that of why and how change happens in historical time in the syntax of a language. And within this, Heimir devotes considerable attention to a topic that is not so often addressed: namely, can syntactic change be hastened, or alternatively slowed down or even reversed, by deliberate intervention?

The study of change over historical time is one of the oldest and best established branches of linguistics, but research into change in syntactic systems is still in its infancy. There are various reasons for this; the most evident is that theoretical work on syntax more generally is itself relatively young, and without any theory we do not even have a way to describe a single synchronic slice of a language, and *a fortiori* cannot investigate the transition between different synchronic stages. A second reason, however, is that diachronic syntactic work is particularly difficult because the evidence for many aspects of a syntactic system is relatively sparse.

We are now beginning to develop the resources to address this challenge. On the one hand, from the mid-20th century significant progress has been made in our understanding of syntactic systems and the development of syntactic theory. And on the other, more recent developments have led to the availability of digitised historical corpora and, most recently and of crucial importance for syntacticians, historical corpora that have been parsed so that they can be searched for structural units.

While the comments above look at the issues of syntactic change from the point of view of a linguist, there is also a connection to the point of view of a learner and user of a language. It was mentioned above that a fundamental difficulty for the diachronic syntactician is the relative sparseness of data for many syntactic phenomena. But if the data are sparse for a linguist, the same is true for

a user of the language. And the relative infrequency of syntactic phenomena (compared, for example, to the occurrence of particular phonemes) may be one reason behind the observation that syntactic variables do not readily lend themselves to the signalling of group membership. This observation has been made in various ways by the famed linguist William Labov, and is cited in this dissertation as his INTERFACE PRINCIPLE:

Abstract linguistic structure has little or no social impact on members of the community. The interface of language and society is narrow, and primarily on the surface: the words and sounds of the language. (Labov and Harris 1986:21)

As Heimir notes, an even stronger and sharper version of this claim has been formulated more recently in Anton Karl Ingason et al. (2013:93):

Word order is not socially evaluated, unless it can be identified with specific phonological or lexical material.

These claims however have not gone unchallenged. Much of the work investigating the validity of the idea that syntax does not carry social meaning in the same way that e.g. phonology may has been carried out in synchronic investigations. It is an original and valuable contribution of this dissertation that it attempts to probe the same question from a diachronic perspective. And beyond the question of whether syntactic variables can carry social meaning: can these variables be consciously manipulated in a way that affects the trajectory of change?

2. Questions concerning changes in verb-adverb placement

The biggest overlap between Heimir's research and my own lies in the change that he discusses in the relative order of the finite verb (V_{fin}) and sentence-medial adverbs (Adv), including negation. For this reason, my questions focussed on this topic, discussed at length in Chapter 3 of the dissertation.

This topic has been researched quite intensively as a matter of synchronic variation between Icelandic, on the one hand, and (Standard) Danish, Norwegian, Swedish on the other, as exemplified by the following examples:

- (1) Voldemort hade krafter som jag *aldrig* **kommer** at ha. (Swedish)
 Voldemort had powers that I never come to have
 'Voldemort had powers that I will never have.'
- (2) Voldemort býr yfir mætti sem ég **mun** *aldrei* öðlast. (Icelandic)

We know from the historical record and the work of researchers such as Falk (1993) and Sundquist (2002, 2003) among many others, that Swedish and Danish

used to have the Vfin–Adv order and that it was lost over the course of centuries in both languages, and a similar process appears to be nearing completion in Faroese. A related change also took place in English. Icelandic, however, seems to have bucked the trend, retaining the Vfin–Adv order. It has been noted, however, that there was considerable use of the Adv–Vfin order in the 16th to mid-19th century. While some researchers have largely dismissed this period of variation, Heimir examines it intensively in this dissertation, investigating both whether the Adv–Vfin order was part of the repertoire of Icelandic speakers even at the start of this period (rather than a borrowing from Danish), and whether its rise was suppressed by normative pressure.

Against this background, I asked some more general and some more specific questions.

3. Questions with a wider focus

Question 1: The concept of stigmatization in the context of language purism.

The first question related to the status of the variable in sociolinguistic terms, and how the Labovian concepts of “changes from above” and “changes from below” apply in a context of linguistic “purism” such as that described by Heimir. In the dissertation, the Adv–Vfin order is described on the one hand as a “language norm” associated with the ruling class, a “prestige norm”, and on the other as “stigmatized” and “substandard”. Do these differing descriptions simply follow on from each other diachronically? In which case is it appropriate to invoke the idea of a Postma-style “failed change” (Postma 2010) at all when describing the rise and fall of the Adv–Vfin order? Or do these descriptions apply simultaneously in some way, perhaps as viewpoints associated with different groups within society?

Question 2: The logical problem of explanation in diachronic syntax

A second quite general question concerned the status of claims about causation in a non-experimental setting (the kind of setting we are necessarily in much of the time in linguistics, and certainly when investigating past stages of a language). That is, what kind of evidence is it **possible** to give concerning the effectiveness of prescriptive norms, given that we do not have a “control case” — we have no direct way of knowing what would have happened in the absence of those norms. A specific instantiation of this question: on p. 78 it is said: “While the overall trend towards less use of Adv–Vfin is probably due to a conspiracy of factors, the effects of prescriptivism being only one of them, the marginal presence of Adv–Vfin towards the end of the period does suggest some such intervention [of language planning] effects.” But what is the basis of this argument? Why does the marginal presence of Adv–Vfin towards the end of the period favour an explanation in terms of such an intervention?

Question 3: *Correlation between different reflexes of standardisation*

Different chapters in the dissertation set out the trajectory of different variables that were all the target of standardisation efforts. This gives rise to the question: Is there a correlation between the supposed effects of standardisation on the different variables discussed in the thesis? For example, at one point in the discussion of the generic pronoun *maður* there is a footnote observing that the periodical *Ný félagsrit* showed a surprisingly high rate of the “non-standard” generic pronoun *maður* and that this contrasts with the very **low** rate in the same periodical of the “non-standard” order Adv–Vfin. This is an interesting observation, and it raises the question more generally of whether all the “non-standard” variants pattern together. Would this be expected under Heimir’s assumptions? Would it be possible to test for such a correlation?

4. Questions on the detail of the analysis of the Adv–Vfin order**Question 4:** *A change in speakers’ analysis of the Adv–Vfin order in the late 19th century?*

The dissertation invokes a kind of reanalysis of the Adv–Vfin order in the late 19th century as Stylistic Fronting, and then a subsequent reanalysis as arising from a high position for the Adverb, following Bobaljik and Thráinsson (1998) and Ásgrímur Angantýsson (2001, 2007, 2011) (at least, there seems to be some back-and-forth in Chapter 3 as to whether or not this is the right analysis for current cases of Adv–Vfin ordering). In Sundqvist’s (2002, 2003) work on the history of Danish, he also invoked a reanalysis of Stylistic Fronting as the basis for the change to a Neg–Vfin order in that language. But the subsequent developments in Danish and in Icelandic are quite different. Partly because of this, but also just in terms of the Icelandic data, what is to be gained from positing that there are **two** stages to the reanalysis (Adv–Vfin first reanalysed as Stylistic Fronting, and then reanalysed again) rather than just one?

Question 5: *The effect of clause-type on change in the frequency of Adv–Vfin order*

Heimir explores the effect of clause-type on the frequency of the Adv–Vfin order, tracking this over time. The graph in *Figure 3.15*, reproduced here, shows the changes in frequency of this order between 1784 and 1900 in four “basic clause types” (all subordinate clauses): declarative complement clauses (THT), relative clauses (REL), interrogative clauses (INT), adverbial clauses (ADV) (although there are two panes, as I understand it one is predictable from the other except for the actual counts, since both graphs track the relative proportions of the two orders in sentences which instantiate one or the other).

In the text, the reader’s attention is drawn to a distinction between the trajectory of the Adv–Vfin order in these different clause types as follows:




Figure 3.15. Verb-adverb placement in 19th-century Icelandic across four basic clause types. All data from private letters, newspapers and student essays combined (1784–1924, per 25 years).

Adv-Vfin peaks in the first half of the 19th century, showing an extensive increase in both relatives and declaratives, whereafter it takes on a strikingly different property. Whereas Adv-Vfin decreases sharply in declaratives in the period 1850 onwards, the frequency of Adv-Vfin in relatives remains largely stable between 1850 and 1924 [...] (p. 120)

Looking at the graph, however, it is not completely clear why the focus should be on declaratives vs relatives in the period specified (1850 onwards); at least on casual inspection it seems that on the one hand adverbial clauses and relatives show a very similar pattern, and on the other, so do interrogatives and declaratives. Is that a valid characterisation of the data? Is it what you would expect?

Question 6: There was a further related question: The conclusion stated that there was evidence in the historical situation for two different systems giving rise to the Adv-Vfin order:

[...] there is also linguistic evidence suggesting that there were two systems of Adv-Vfin. On the one hand there was a grammar sensitive to an ASSERTION feature, but on the other hand we find a grammar where Adv-Vfin is mainly to be found in operator contexts such as relatives (the latter more similar to Modern Icelandic). (p. 218)

What is this linguistic evidence for the 19th century data under discussion, that is, what is the evidence in the 19th century data for a distinct grammar where Adv–Vfin is mainly to be found in operator contexts? Are we not reading back into the historical record a distinction that we know about in Modern Icelandic? Or is there really a clear signal of such a system in the 19th century data?

Question 7: *A final question about normative pressure vs other explanations*

